# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

55. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 6. MARS 2017




Veðurblíða var víða um land um helgina. Íbúar höfuðborgarsvæðisins fjölmenntu á Reykjavíkurtjörn og léku meðal annars Krullu þar sem gleðin var við völd. Þessir ísköldu krakkar voru orðnir sleipir með sópinn og renndu krullunni fimlega í áttina að heimagerðum hringnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Andri telur að áfengisfrumvarpið muni skerða frelsi einstaklinga. **13**

**TÍMAMÓT** Bæklingur fyrir þá sem greinast með krabbamein. **38**

**LÍFIÐ** Blær Hinriksson er himinlifandi með Edduverðlaunin. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Fáir þolendur notfæra sér fría sálfræðiaðstoð

Tveir þriðju þeirra sem leita til Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana þiggja ókeypis sálfræðiaðstoð sem í boði er. Lítill hluti klárar meðferð með útskrift í samráði við sérfræðing. Sálfræðingur segir hindra bata að forðast að tækla áföll.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rétt ríflega þriðjungur þeirra sem leita til Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana nýtir sér þá ókeypis sálfræðiaðstoð sem í boði er. Tæplega helmingur þeirra sem þjónustuna þiggja endar á að klára meðferð og útskrifast í samráði við sálfræðing Neyðarmóttökunnar. Hlutfallið er allt of lágt, að mati verkefnastjóra sálfræðiþjónustu Neyðarmóttökunnar.

„Öllum 18 ára og eldri sem leita til Neyðarmóttökunnar er boðið upp á sálfræðiþjónustu sem stendur síðan til boða eins lengi og þörf er á stuðningi eða meðferð við afleiðingum kynferðisofbeldisins,“ segir Agnes Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri. Þjónustan er gjaldfrjáls en alla jafna fá þeir sem koma á móttökuna símtal einum til tveimur dögum síðar og býðst viðtal innan einnar til tveggja vikna frá komu.

Alls þiggja 62,5 prósent ekki þjónustuna, ýmist með því að mæta ekki í boðaðan tíma eða með öðrum hætti. Af þeim sem nýta þjónustuna útskrifast 46 prósent en 54 prósent nýta þjónustuna ekki að fullu og hætta að mæta.

Starfsmenn Neyðarmóttökunnar grunar að tilraun þolenda til að forðast ofbeldið sem mest, og láta jafnvel eins og það hafi aldrei gerst, spili þar stóran þátt. „Við vitum að fólk sem er nýbúið að lenda í alvarlegum áföllum vill gjarnan forðast að tala og hugsa um atburðinn. Þar af leiðandi smitast það í eftirfylgdarþjónustuna líka. Svo getur vel verið að einhverjir vilji ekki sálfræðiþjónustu eða telji sig ekki þurfa á henni að halda,“ segir Agnes.

Agnes segir að sama mynstur sjáist þar sem sambærileg þjónusta er veitt erlendis. Hún segir að það að forðast að hugsa til áfallsins án þess að tækla það gefist ekki vel til lengri tíma. „Það er ekki vænleg leið. Við vitum að forðunin er eitt af því sem hindrar að fólk jafni sig.“ **– snæ**

> Við vitum að forðunin er eitt af því sem hindrar að fólk jafni sig.



Agnes Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri sálfræðiþjónustu Neyðarmóttökunnar.

**54%** þeirra sem að hófu sálfræðimeðferð völdu sjálfir að ljúka henni eða hættu að mæta.

**46%** útskrifuðust í samráði við sálfræðing

**Afstaða þeirra sem leita á Neyðarmóttökuna til sálfræðiaðstoðar:**




**Fjöldi viðtala hjá þeim sem nýttu sálfræðiþjónustu Neyðarmóttökunnar:**




## Vilja velja sér lífeyrissjóð

**VIÐSKIPTI** Yfirgnæfandi meirihluti aðspurðra í nýrri könnun, eða 97 prósent, er hlynntur því að velja sjálfur lífeyrissjóð. Í dag borga flestir launþegar í lífeyrissjóð samkvæmt gildandi kjarasamningum stéttar sinnar.

Samtök um betri lífeyrissjóði létu gera könnunina sem sýnir afgerandi niðurstöður í átt frá núgildandi kerfi. „Ef þú ert óánægður með það hvernig stjórnir sjóðanna fjárfesta og hvernig peningarnir þínir ávaxtast þá getur þú ekkert gert. Þú ert bara fastur í þessum sjóði. Samt er tekinn peningur af þér í hverjum einasta mánuði og samkvæmt nýjasta samkomulaginu er búið að hækka frádráttinn í 15,5 prósent. Mér finnst þetta bara stórt hagsmunamál,“ segir Birgir Örn Birgisson sem fer fyrir samtökunum. **– snæ**



**Aníta á verðlaunapallinum í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Tókst það sem hún stefndi að

**ÍÞRÓTTIR** Aníta Hinriksdóttir varð í gær fimmti Íslendingurinn sem vinnur verðlaun á Evrópumóti í frjálsum íþróttum innanhúss en íslenska hlaupadrottningin fékk brons í Belgrad í Serbíu. „Ég var búin að stefna á það að komast á pall og ég hef verið í úrslitum í nokkrum mótum,“ sagði Aníta Hinriksdóttir þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær. **– ooj /** **sjá síðu 14**




## Veður




Í dag gengur í suðaustanátt með skúrum um sunnan og austanvert landið. Vestan til er útlit fyrir norðanátt og á Vestfjörðum er líklegt að eitthvað snjói yfir daginn, en suðvestan til er ekki útlit fyrir mikla úrkomu SJÁ SÍÐU 20



Guðmundur Örn Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri VÍS.

# Fyrrverandi forstjóri VÍS fær bætur

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var á föstudag dæmt til að greiða Guðmundi Erni Gunnarssyni, fyrrverandi forstjóra VÍS, 100 þúsund krónur í miskabætur vegna ólögmætrar handtöku. Guðmundur hafði farið fram á eina milljón króna í bætur.

Guðmundur var forstjóri VÍS frá janúar 2008 til maí 2011. Hann var handtekinn 31. maí í tengslum við rannsókn Sérstaks saksóknara á mögulegum brotum á lögum um vátryggingastarfsemi og umboðssvik vegna umdeildra lánveitinga, meðal annars til Exista. Guðmundur hafði stöðu sakbornings til október 2013 en þá var mál á hendur honum fellt niður.

Í niðurstöðu dómsins var fallist á bætur vegna handtöku að ósekju. Taldi dómari málsins að Guðmundur hefði leitast við að aðstoða rannsakendur við að upplýsa málið. Ekki þótti unnt að fallast á að hann hefði stuðlað handtöku sinni.

Guðmundur naut gjafsóknar vegna málsins. Gjafsóknarkostnaður, 800 þúsund krónur, greiðist úr ríkissjóði. **- jóe**

# Íslandsmeistari í borðtennis í fyrsta sinn



HK-ingurinn Kolfinna Bjarnadóttir varð Íslandsmeistari í borðtennis í gær í fyrsta sinn. Kolfinna vann Aldísi Rún Lárusdóttur úr KR í úrslitaleiknum 3-1 en Aldís Rún komst á verðlaunapall í öllum flokkum. Fékk gull í tvenndarleik og silfur í tvíliðaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tvö banaslys á níutíu dögum

**SLYS** Kona á fimmtugsaldri lést í bílslysi á Grindavíkurvegi aðfaranótt sunnudags. Konan missti stjórn á bílnum sem valt út af veginum með fyrrgreindum afleiðingum.

Þetta er annað banaslysið á veginum á þessu ári en átján ára stúlka lést 12. janúar eftir að hafa misst stjórn á bíl sínum skammt frá vegamótunum að Bláa lóninu.

„Þetta eru alveg hörmulegir atburðir og það taka þetta allir mjög nærri sér. Það er ekki búið að jafna sig samfélagið hér frá fyrra slysinu þegar þetta brestur á núna,“ segir Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavíkurbæ.

Samráðshópur bæjarstjórnar hefur fundað með öllum þingmönnum Suðvesturkjördæmis auk vegamálastjóra og samgönguráðherra. Íbúar krefjast þess að aðstæður á vegarkaflanum verði bættar enda umferð um veginn aukist um meira en helming á síðustu fjórum árum. **– þþ**

# Ópera sem fjallar um dómhörkuna á Twitter

**Ingunn Lára Kristjánsdóttir skrifar óperu þar sem áhorfendur geta tekið þátt með því að tísta. Söguþráðurinn er því nokkuð opinn en rauði þráðurinn verður hvað fólk vogar sér að segja um náungann á samfélagsmiðlum.**

**NÝSKÖPUN** „Án þess að gefa of mikið upp um söguna þá er ég að skoða smánun og skömm á netinu sem hefur verið mikil upp á síðkastið þar sem fólk virðist koma saman til að brjóta niður eina manneskju á samfélagsmiðlum,“ segir Ingunn Lára Kristjánsdóttir sem skrifar nú óperu af nýrri tegund.

Gestir geta haft sitt að segja um söguþráðinn og tíst um sýninguna á meðan á henni stendur. Rauði þráðurinn er þó dómharkan á netinu og mun Ingunn Lára birta tíst þar sem náunginn er níddur niður. „Þetta er ekki bara um samfélagsmiðla, þetta er um persónur, sambönd, lífið sjálft og raunveruleikann en í gegnum samfélagsmiðla. Svo fannst mér svolítil andstæða að vera með óperu, sem er yfirleitt svo dramatísk en mér finnst það frábært tónlistarform.“

Ingunn Lára sem er 24 ára hefur engan bakgrunn í óperum. Hún er lærður leikari frá Bretlandi og stundar nú mastersnám í ritlist. Hún hefur verið að finna sig betur á bak við tjöldin og skrifaði þrjú verk sem voru sýnd í fyrra.

Hún hefur rætt við lögfræðinga um höfundarlögin, kynnt sér þau sjálf og setið mörg málþing um þau. Niðurstaðan var að hún má taka tíst og nota þau í sýningunni sinni. Og hún er ekki sátt við hvernig umræðan er á netinu. „Fólk virðist elska að misskilja, dæma strax og allir virðast elska að taka þátt í niðurrifinu. Twitter er nánast orðinn eins og ný hegningarlög. Í vikunni fór myndband af fólki að hafa samfarir á skemmtistað af stað á milli fólks. Slíkt er auðvitað svo siðferðislega rangt, bæði að horfa og deila því en það gerist engu að síður. Fólk virðist ekki gera sér grein fyrir hvaða áhrif þetta hefur á annað fólk því það er með skjá fyrir framan sig.“



Ingunn Lára Kristjánsdóttir fékk sjö milljón króna styrk frá Rannís í verkefnið og var verkið eina óperan í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Fólk virðist elska að misskilja, dæma strax og allir virðast elska að taka þátt í niðurrifinu. Twitter er nánast orðinn eins og ný hegningarlög
>
> Ingunn Lára Kristjánsdóttir leikstjóri

Alþýðuóperan mun framleiða verkið og breska nýstirnið Michael Betteridge semur tónlistina. Og þó verkið sé varla komið úr startholunum er áhuginn á því mikill. „Þetta er alltaf að fara lengra og lengra. Það er töluverður áhugi frá Bretlandi, bæði frá Manchester og London. Þá vill Hull, sem verður menningarborg Evrópu á næsta ári setja okkur upp. Þetta er fyrsta óperan af þessu tagi og þó áhuginn sé mikill utan frá verður verkið frumsýnt á Íslandi.“

**benediktboas@365.is**



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bílson
- VERKSTÆÐIÐ -
Klettháls 9 · Sími 568 1090

Klettháls 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

GILDIR 06.03.17

# TAX FREE

SÍÐASTI DAGUR!




## AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19.35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Óttast að landsbyggðin verði skilin eftir í húsnæðis umræðu

**HÚSNÆÐISMÁL** Ráðherrahópur sem skoða á tillögur til að liðka til og greiða fyrir byggingu lítilla og hagkvæmra íbúða mun fyrst og fremst einbeita sér að þeim vanda sem blasir við á höfuðborgarsvæðinu. Lægri byggingarkostnaður mun samt sem áður hagnast öllum landsmönnum. Þetta er mat Þorsteins Víglundssonar, velferðar- og jafnréttismálaráðherra.

„Markmið vinnunnar er að lækka byggingarkostnað á litlum og hagkvæmum íbúðum sem gríðarlegur skortur er á þrátt fyrir mikið umtal síðustu ára. Það mun auðvitað gagnast alls staðar á landinu," segir Þorsteinn. „Hins vegar hefur virði fasteigna verið langt undir byggingarkostnaði á stórum svæðum og við þyrftum að skoða þau svæði sérstaklega. Fyrst og fremst munum við beina sjónum okkar að þeim húsnæðisskorti sem er á höfuðborgarsvæðinu."

Ein af forsendum fyrir kjarasamningum á almennum vinnumarkaði var að bæta húsnæðismarkað sem hefur verið í molum lengi. Hins vegar er víðar skortur á húsnæði en í höfuðborginni en ekki er hagkvæmt að ráðast í byggingu á nýju húsnæði.

> Það er engin launung að með því var landsbyggðin skilin eftir og við sættum okkur ekkert við það.
>
> Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur



Aðalsteinn Baldursson, formaður stéttarfélagsins Framsýnar á Húsavík, segir það algjört lykilatriði að landsbyggðin verði ekki skilin eftir. „Nú er þessi fjögurra ráðherra nefnd að koma með tillögur og við verðum að bíða og sjá hvað sá hópur gerir," segir Aðalsteinn. „Eygló Harðardóttir, fyrrverandi velferðarráðherra, kom fram með sín frumvörp fyrir kosningarnar en hugaði aðeins að þeim áskorunum sem steðjuðu að höfuðborgarsvæðinu."

„Það er engin launung að með því var landsbyggðin skilin eftir og við sættum okkur ekkert við það. Við höfum látið forseta ASÍ vita af því að það kæmi ekki til greina að sætta okkur við slíkt. Hér er um of stórt mál að ræða fyrir okkur." – sa

## Rændi ölvuð af sjúkrastofu

**DÓMSMÁL** Kona á sextugsaldri var undir lok síðasta mánaðar dæmd í tíu mánaða fangelsi fyrir þjófnaði, nytjastuld og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Konan fór meðal annars inn í sjúkrastofu á Landakotsspítala í september 2015 og stal þaðan veski sjúklings sem lá á spítalanum. Reyndi hún að taka út fjármuni af korti sjúklingsins en auðkennislykill og lykilorð sjúklingsins voru einnig í veskinu. Þar voru einnig húslyklar sem hin sakfellda notaði til að brjótast inn í íbúð sjúklingsins og stela þaðan víni.

Þá var konan einnig sakfelld fyrir að stela tölvu og tölvuskjá úr móttöku hótels, fyrir að hafa brotist inn í íbúð á Lindargötu og haft þaðan á brott töskur. Þá stal hún lyklum að bílaleigubíl og ók honum á brott.

Með brotum sínum rauf konan skilorð eldri dóms. Ekki þótti unnt að skilorðsbinda refsinguna. – jóe

## Íbúar flokki rusl fyrir fátæka

**VENESÚELA** Klerkur í Venesúela hefur biðlað til fólks að merkja greinilega sorppoka sem ekki innihalda matarafganga. Er það gert til að auðvelda þeim lífið sem reiða sig á úrgang til að nærast.

Faðir José Palmar, kaþólskur prestur og andstæðingur forsetans Nicolas Maduro, sendi þessi ummæli frá sér á Twitter..

Efnahagsástandið í Venesúela hefur verið ömurlegt undanfarna mánuði og er skortur á lyfjum og mat í landinu. Smyglarar stunda það nú að koma matvælum ólöglega yfir landamærin og selja þau sársvöngum á svörtum markaði. Gjaldmiðill landsins, bólívarinn, er verðlaus og ekki eiga allir dollara til að kaupa smyglvarninginn. Þeir verða því að treysta á afganga annarra. – jóe

# Vilja velja eigin lífeyrissjóði

**Mikill meirihluti svarenda í nýrri könnun vill geta valið stjórn síns lífeyrissjóðs í kosningu og hafa val um í hvaða lífeyrissjóð viðkomandi borgar. Samtök um betri lífeyrissjóði segja tíma til kominn á breytingar.**

**VIÐSKIPTI** Yfirgnæfandi meirihluti aðspurðra í nýrri könnun segjast vilja velja sér eigin lífeyrissjóð og fá að kjósa í stjórn sjóðsins. Sjóðsfélagar stærstu lífeyrissjóða landsins hafa ekkert með stjórn sjóðanna að segja, eins og staðan er í dag.

Allir launþegar eru skyldugir til að greiða í lífeyrissjóð en það fer eftir kjarasamningum hverrar stéttar fyrir sig, í hvaða lífeyrissjóð er greitt. Fáar stéttir hafa frjálst val um lífeyrissjóði.

Félagsskapur sem kallar sig Samtök um betri lífeyrissjóði, lét gera könnunina en hún var framkvæmd af Zenter í gegnum netið. Úrtak könnunarinnar var 2.300 manns og svarhlutfall 55 prósent. 48,2 prósent aðspurðra segjast mjög hlynnt því að geta valið sér lífeyrissjóð, óháð stéttarfélagi og 28,9 prósent segjast frekar hlynnt því. Þá segjast 2,6 prósent aðspurðra mjög eða frekar mótfallin hugmyndinni.

Birgir Örn Birgisson, framkvæmdastjóri Dominos á Íslandi, fer fyrir hópnum sem lét gera könnunina. „Við erum komin á þann stað að það er orðið tímabært að breyta kerfinu þannig að þeir sem eiga sjóðina, sjóðsfélagar, hafi eitthvað um það að segja hvar þeir fjárfesta og hverjir stýra sjóðunum."

Birgir segist ekki hafa neina hagsmuni af þessari baráttu. Hann standi einfaldlega í henni sem áhugamaður og af hugsjón. „Þegar ég tók við sem framkvæmdastjóri Dominos fékk ég að velja mér í hvaða lífeyrissjóð ég fer, af því það er eiginlega ekkert stéttarfélag sem nær utan um mitt starf. En mínir starfsmenn, sem eru yfir 800 talsins, fá fæstir að velja sér lífeyrissjóð. Það er svo mikið hrópandi óréttlæti."

Birgir bendir á að lífeyrissjóðseign fólks sé alla jafna mikil þegar starfsævi þess lýkur. „En ef þú ert óánægður með það hvernig stjórnir sjóðanna fjárfesta og hvernig peningarnir þínir ávaxtast þá getur þú ekkert gert. Þú ert bara fastur í þessum sjóði. Samt er tekinn peningur af þér í hverjum einasta mánuði og samkvæmt nýjasta samkomulaginu er búið að hækka frádráttinn í 15,5 prósent. Mér finnst þetta bara stórt hagsmunamál."

**Stuðningur við að einstaklingar velji sér eigin lífeyrissjóð:**




**Stuðningur við að félagar lífeyrissjóða kjósi sjálfir stjórn sjóðsins:**






Lífeyrissöfnun almennings er oft hans stærsta eign þegar starfsævin er á enda. Það getur þó verið misjafnt eftir því hversu vel eða illa lífeyrissjóðirnir ávaxta fé. NORDICPHOTOS/GETTY

Það er vilji félagsskaparins um betri lífeyrissjóði að almenningur geti kynnt sér ávöxtun og starf hvers lífeyrissjóðs fyrir sig og tekið upplýsta ákvörðun um hvar sé gáfulegast að ávaxta fé sitt til framtíðar. Þannig sé hægt að skipta um lífeyrissjóð ef óánægju gætir með starfsemi hans og sjóðsfélagar taki þátt í að kjósa í stjórn á lýðræðislegan hátt. „Þetta er svo gríðarlega mikilvægt afl í íslensku þjóðfélagi sem er með í kringum 3.500 milljarða. Sjóðirnir eru einfaldlega að gera misjafnlega vel. Sumir eru með góða ávöxtun og aðrir ekki." snaeros@frettabladid.is

> Við erum komin á þann stað að það er orðið tímabært að breyta kerfinu þannig að þeir sem eiga sjóðina, sjóðsfélagar, hafi eitthvað um það að segja hvar þeir fjárfesta og hverjir stýra sjóðunum.
>
> Birgir Örn Birgisson, áhugamaður um lífeyrissjóðakerfið og framkvæmdastjóri Dominos.






VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN

Ís-Band er umboðsaðili Fiat Chrysler Automobiles (FCA) á Íslandi.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Við tökum vel á móti þér. Tímapantanir í síma 534 4433.

ALFA ROMEO · CHRYSLER · DODGE · FIAT · FIAT PROFESSIONAL · Jeep · RAM · MOPAR

ÍSBAND — ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Edge***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Henti páskaeggjum í lögguna

**LÖGREGLUMÁL** Maður í annarlegu ástandi var handtekinn í verslun Hagkaups við Eiðistorg í fyrrinótt grunaður um eignaspjöll.

Maðurinn lét öllum illum látum þegar lögreglu bar að garði en hann grýtti meðal annars páskaeggjum í lögreglumenn sem reyndu að róa hann. Ólátaseggurinn gisti í fangageymslu.

Auk máls páskaeggjakastarans var lögregla kölluð til vegna stúta sem óku undir áhrifum. Fangageymslur á Hverfisgötu voru fullar og var nokkrum komið fyrir í Hafnarfirði. **– jóe**



**Fjölmörg páskaegg voru í molum eftir atvikið.** MYND/EGILL VIÐARSSON




Ert þú með verki?

Stoðkerfislausnir Heilsuborgar

Námskeiðið byggir á þjálfun undir handleiðslu sjúkraþjálfara. Lögð er áhersla á rétta líkamsbeitingu og jafnvægi í stoðkerfinu. Þannig eykst styrkur og unnt er að halda verkjum í lágmarki. Markmiðið er að þátttakendur læri á sjálfa sig, finni eigin mörk, hvað þarf að leggja áherslu á og hvað þarf að varast.

Þátttakendur fá mat á eigin getu og ráðgjöf sjúkraþjálfara.

**Fyrir hverja:** Námskeiðið er ætlað körlum og konum á öllum aldri sem kenna sér meins í stoðkerfi, hvort sem álag, sjúkdómar eða slys hafa valdið ójafnvægi.

**Hvenær:** Ný 8 vikna námskeið hefjast 6. og 7. mars, bæði grunn- og framhaldsnámskeið.

HEILSUBORG
Árangur sem endist

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


## Minntust flótta Vasa



„Við fengum gott færi og gengum með höfuðluktir og sú birta dugði algjörlega. Það var notalegt að ganga í myrkrinu," segir Björn Már Ólafsson einn 63 Íslendinga sem tóku þátt í Vasa-göngunni. Með í för voru systkini hans, foreldrar og afi. 15.800 göngugarpar tóku þátt í ár. Gangan hefur farið fram frá 1922 ef frá eru talin þrjú ár. Hún er haldin til að minnast flótta Gústavs Vasa Svíakonungs úr klóm Dana á 16. öld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Keyra 40 mínútur með barnið til dagmömmu

**Tíu mánaða dóttir þeirra Elínar og Sigurðar fær ekki pláss hjá dagmömmu í Hveragerði og þarf því að fara með pabba sínum til Reykjavíkur. Elín vill að bærinn komi til móts við þau enda kostar dagmamma í borginni mun meira.**

**SAMFÉLAG** „Það er gjá frá fæðingarorlofi fram að leikskóla og ég vil meina að það sé á ábyrgð sveitarfélagsins að koma til móts við foreldra og brúa bilið," segir Elín Káradóttir, stjórnmálafræðingur í Hveragerði, en dóttir hennar þarf að fara með föður sínum keyrandi til Reykjavíkur á hverjum degi til að sækja daggæslu hjá dagmóður.

Engin laus dagmóðir er í Hveragerði og sendu Elín og Sigurður, maður hennar, bréf til bæjarráðs þar sem þau báðu um að fá hærri niðurgreiðslu vegna daggæslu hjá dagforeldri í Reykjavík. Töluvert meira er greitt fyrir daggæslu í Reykjavík heldur en í Hveragerði. Bæjarráðið gat ekki orðið við beiðninni en félagsráðgjafa var falið að fara yfir reglur bæjarins um niðurgreiðslur til dagforeldra með það að leiðarljósi að bæta starfskjör þeirra. Þannig vonast bærinn til að að fleiri vilji gerast dagforeldrar.



**Sigurður, Svava Dís og Elín.** MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við fluttum í Hveragerði fyrir rúmu ári síðan svolítið út af leikskólamálum því við höfðum ekki áhuga á að setja stúlkuna okkar í leikskóla í Reykjavík þegar hún væri orðin tveggja ára. En við rákum okkur á að það var ekkert laust pláss hjá dagmömmum þegar fæðingarorlofinu lauk. Það eru tvær starfandi í bænum og önnur að hætta. Ég er á lista hjá annarri þeirra og það losnar pláss eftir tvo mánuði næst og ég held að ég sé númer þrjú eða fjögur um það pláss."

Elín og Sigurður horfðu því til Reykjavíkur og fundu dagmömmu í Grafarvogi. „Hún er búin að vera í tvo mánuði hjá henni og það losnar ekki pláss í leikskólanum fyrr en hún verður orðin 18 mánaða. En það er gaman hjá þeim í bílnum og okkur finnst þetta ekkert mál. Það er pirrandi að borga svona mikið, sérstaklega vegna þess að við borgum töluvert meira en hinir foreldrarnir hjá þessari sömu dagmóður."

Samkvæmt henni kostar dagmamma í Reykjavík alls 118 þúsund en Reykvíkingar fá um 50 þúsund króna styrk til baka. Í Hveragerði kostar dagmamma 86 þúsund og styrkurinn er 30 þúsund. Þau borga því 88 þúsund fyrir dagmóður. „Ég hugsaði alveg að gerast dagmamma hefði ég ekki fengið þessa vinnu sem ég er í núna. Það eru 27 börn fædd 2016 í Hveragerði og nánast ekkert þeirra er hjá dagmömmu í bænum. Það er því að myndast hópur af konum í bænum sem eru heima og á atvinnuleysisbótum. Þær eru búnar með fæðingarorlofið og þær vilja vinna en geta það ekki vegna þess að það er ekki neina dagmömmu að fá. Mér finnst þetta stórt jafnréttismál. Þetta snýst ekki um peningana." **benediktboas@365.is**


EKKI BARA GÆÐI
JAKKI
15.900 m/vsk
Fullt verð 19.900
ÖRYGGISSKÓR
14.900 m/vsk
Fullt verð 21.900
SMÍÐA-BUXUR
8.900 m/vsk
Fullt verð 13.329
KULDA-ÚLPA
22.900 m/vsk
Fullt verð 31.518
REGNSETT
9.900 m/vsk
Fullt verð 14.816
SOFTSHELL JAKKI
14.900 m/vsk
Fullt verð 21.630
KULDA-GALLI
19.900 m/vsk
Fullt verð 29.636
SKYRTA HNEPPT
5.900 m/vsk
Fullt verð 7.400
SMÍÐA-VESTI
10.900 m/vsk
Fullt verð 19.721
SOFTHELL JAKKI
15.900 m/vsk
Fullt verð 22.900
HOLTAGARÐAR
SÆBRAUT
SKÚTUVOGUR
www.sindri.is I sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
SINDRI
VINNUFÖT

# Þveröfug áhrif verndaraðgerða

**DÝRAVERND** Aðgerðir dýraverndarsinna til verndar dýrum í útrýmingarhættu gætu í raun skapað dýrunum meiri hættu. Veiðiþjófar hafa nýtt sér upplýsingar úr staðsetningartækjum dýra til að hafa upp á þeim og fella.

Sendum og staðsetningartækjum hefur verið komið fyrir á mörgum tegundum sem eru eftirsóttar af veiðiþjófum. Má þar nefna nashyrninga og Bengal-tígra. Upplýsingar um staðsetningu dýranna hafa vísindamenn notað til að fylgjast með hegðun þeirra og lífi. Er það von vísindamannanna að hægt sé að nota upplýsingarnar til að viðhalda stofnunum og snúa þróuninni við.

Óprúttnir aðilar hafa móttekið gögn frá sendunum og nýtt gögnin til þveröfugra aðgerða. Hægt er að móttaka merki ódýrustu sendanna með einföldum loftnetum. Aðrir sendar senda merki í gervihnött sem síðan sendir upplýsingar í tölvupósti til rannsakenda. Dæmi eru um að tölvuþrjótar hafi reynt að brjótast inn í pósthólf í þeirri von að komast yfir gögn þaðan.

Afurðir veiðiþjófnaðar eru gífurlega eftirsóttar en áætlað er að veltan á markaðnum sé um 15 milljarðar punda á ári eða tæpar tvær billjónir íslenskra króna. Til dæmis er áætlað að verð á nashyrningshorni sé minnst 50 þúsund pund eða rúmlega 6,5 milljónir íslenskra króna. **- jóe**



**Tollayfirvöld í Manila, höfuðborg Filippseyja, stöðvuðu sendingu af nashyrningshornum á dögunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Ferðalangur með öndunargrímu á Torgi hins himneska friðar í lok janúar. Mengun í Peking-borg var mikil á köldustu dögum mánaðarins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Festingin verði aftur blá í Kína

**Forsætisráðherra Kína flutti stefnuræðu sína í gær. Stjórnin stefnir að því að draga úr kola- og sorpbrennslu. Hagvöxtur dregst saman annað árið í röð.**

**KÍNA** Ríkisstjórn Kína stefnir að því að bæta andrúmsloft í landinu með því að draga úr kolabrennslu til rafmagnsframleiðslu og húshitunar. Í ofanálag verða seglin einnig dregin saman í ríkisrekstri á komandi ári. Þetta kom fram í stefnuræðu forsætisráðherrans Li Keqiang þegar kínverska þingið kom saman í gær.

Loftmengun er mikið vandamál í Kína sérstaklega yfir vetrarmánuðina þegar meiri þörf er á því að kynda hús. Reglulega berast myndir af fólki á gangi um stræti stórborga með grímur fyrir vitum sér til að forðast það að anda menguðu loftinu að sér. Ástandið getur verið sérstaklega slæmt á blíðviðrisdögum en þá er lítil ferð á reykjarmekkinum.

„Við munum gera himininn bláan á nýjan leik,“ sagði Li meðal annars fyrir framan 3.000 þingmenn. Á næsta ári stefnir ríkisstjórnin að því að bæta núverandi kola- og sorpbrennslur til að draga úr losun mengandi efna. Þá verður aukið fjármagn sett í endurnýjanlega orkugjafa.

Í ræðunni kom Li einnig inn á að stefnt væri að tæplega 6,5 prósenta vexti hagkerfisins í ár. Í fyrra var stefnt að 6,5 til sjö prósenta vexti sem endaði að lokum í 6,7 prósentum. Sá árangur náðist með miklum útlánum, sprengingu í húsnæðismálum og milljarða fjárútgjöldum hins opinbera. Í ár er stefnt að því að kæla húsnæðismarkaðinn, draga úr útlánum og eyðslu ríkissjóðs. Stjórnvöld verða því að treysta á framtak einkaaðila og neyslu heimila landsins.

„Ástandið bæði innan- og utanlands þýðir að við þurfum að vera betur í stakk búin til að takast á við flóknari og alvarlegri aðstæður en við höfum þurft hingað til,“ sagði Li. Hann bætti við að slíkt væri uppi á teningnum á meðan stór hagkerfi reyndu að draga úr hnattvæðingu og halda að sér höndum.

Kína er annað stærsta hagkerfi heims sé litið til landsframleiðslu. Vöxtur þess hefur verið ævintýralegur en undir lok 20. aldarinnar og til ársins 2015 var meðal hagvöxtur um tíu prósent ár hvert. Var það hið allra mesta sem þekktist í heiminum þar til hægði á vextinum í fyrra. **johannoli@frettabladid.is**

> **Við þurfum að vera betur í stakk búin til að takast á við flóknari og alvarlegri aðstæður en við höfum þurft hingað til**
>
> Li Keqiang, forsætisráðherra Kínverska alþýðulýðveldisins









# Sköpun og árangur

**ÍMARK-dagurinn**
10. mars 2017
í Hörpu

**ÍMARK dagurinn** verður haldinn hátíðlegur með veglegri ráðstefnu í Hörpu **föstudaginn 10. mars** næstkomandi. Einkunnarorð ráðstefnunnar eru **Sköpun** og **árangur** - Eins dags lýsing á sambúð sköpunargleði og markaðsárangurs.

**Laura Wood**
Yfirmaður Global PR Brand & Partnerships, Jaguar Land Rover

**Jeremy Tai Abbett**
Hönnuður og meðeigandi hjá InsurTech.vc / fyrrverandi hugmyndamaður hjá Google

**Russell Davies**
Chief Strategic Officer hjá BETC Advertising í London

**Kevin Chesters**
Chief Strategy Officer, Ogilvy & Mather Advertising í London

**Ólafur Þór Gylfason**
framkvæmdastjóri MMR

Fundarstjóri
**Katrín Olga Jóhannesdóttir**
formaður Viðskiptaráðs og stjórnarformaður Já

## Dagskrá Markaðsdagsins:

| | |
|---|---|
| **08.15 – 09.00** | Skráning og afhending fundargagna |
| **09.00 – 09.10** | Ráðstefnan sett, Katrín Olga Jóhannesdóttir |
| **09.20 – 10.15** | **Laura Wood:** **Smitandi sköpunarvinna** *Hvernig sköpum við hugmyndaríkar, umtalaðar herferðir sem skila vörumerkinu mælanlegum árangri* |
| **10.15 – 10.30** | Kaffihlé |
| **10.30 – 11.15** | **Jeremy Tai Abbett:** **Innlifun er svarið, en hver var aftur spurningin?** *Verðum við ekki að vera meira skapandi eftir því sem tölunum fjölgar?* |
| **11.15 – 11.30** | **Ólafur Þór Gylfason,** framkvæmdastjóri MMR, kynnir niðurstöður markaðskönnunar |
| **11.30 – 13.00** | Hádegishlé |
| **13.00 – 13.45** | **ÁRA** *Verðlaunaafhending og kynning vinningshafa* |
| **13.45 – 14.45** | **Russell Davies:** **Varan er þjónustan er markaðssetningin** *Sögur um vörur, þjónustu og markaðssetningu – og af hverju þú ættir aldrei að nota hugtakið „brand“* |
| **14.45 – 15.15** | Hlé |
| **15.15 – 16.00** | **Kevin Chesters:** **Make Brands Great Again** *Hvernig getum við látið vörumerki skipta máli á ný þegar þau eru sögð dauð?* |
| **16.00** | Ráðstefnulok |

## Lúðurinn 2017:

| | |
|---|---|
| **17.00 – 18.00** | Fordrykkur |
| **18.00 – 20.00** | Afhending verðlauna |
| **20.00 – 21.00** | Eftirparty |

Kynnir er Erpur Eyvindarson



**imark.is | #imark_is**

ÍMARK

AFA JCDecaux Ísland · margt smátt · RÚV · velmerkt · vodafone · INN/UT · CONCEPT events
JÓNSSON & LE'MACKS · Morgunblaðið · SVANSPRENT · PÓSTURINN · Síminn · WOW air · sagafilm · GALLUP · SILENT · NÓI SÍRÍUS

# Mótmæli sveitunga munu engu breyta

**Samgönguráðherra segist skilja vel gremju fólks vegna niðurskurðar á samgönguáætlun. Um 200 íbúar í Berufjarðarbotni og nærsveitum lokuðu þjóðvegi 1 í tvær klukkustundir í gær með um 60 bílum. Munu endurtaka aðgerðina og valda meira ónæði.**



Svavar Pétur Eysteinsson bóndi segir óboðlegt að fresta eigi framkvæmdinni. Þau hjónin sprengdu þrjú dekk á einni viku í fyrrasumar og hyggjast mótmæla þar til stjórnvöld skilja að „þetta rugl“ verði ekki látið líðast. MYND/ÓLAFUR BJÖRNSSON

**SAMGÖNGUR** „Við ætlum bara að halda þessu áfram og verða til enn meiri óþæginda til að reyna að koma yfirvöldum í skilning um að við látum þetta rugl ekki líðast,“ segir Svavar Pétur Eysteinsson, bóndi á Karlsstöðum í Berufirði og einn skipuleggjenda mótmæla gegn niðurskurði á samgönguáætlun. Tvö hundruð manns á um sextíu bílum tóku þátt í að loka þjóðvegi eitt við Berufjarðarbotn í gær vegna þess að hætt var við að malbika veginn eftir að í ljós kom að ekki var tryggt nægilegt fjármagn til að uppfylla samþykkta samgönguáætlun.

Svavar segir að lokun malbikunar í Berufirði hafi staðið yfir í áratugi. Ekki komi til greina að slá framkvæmdinni á frest enn á ný.

„Það fóru þrjú dekk á einni viku hjá okkur í fyrrasumar. Það er bara of mikið. Því fylgir kostnaður, tími, óþægindi og vesen,“ segir Svavar.

Jón Gunnarsson samgönguráðherra segir mótmæli heimamanna engu breyta. Búið sé að taka ákvörðun um forgangsröðun í vegaframkvæmdum en hann vonist til að meira fjármagn verði til umráða á næsta ári svo hægt sé að klára veginn. „Í sjálfu sér skil ég vel gremju fólks víða um land út af þessari alvarlegu stöðu en þetta er bara staðan. Samgönguáætlun hafði gert ráð fyrir mun meiri viðbót, en þeim fjórum milljörðum sem bætt var við, en það gekk bara ekki eftir. Við höfum reynt að forgangsraða með tilliti til stöðu mála og umferðaröryggis.“ Jón segir veginn um Berufjarðarbotn ofarlega á dagskrá en einnig séu margar aðrar nýframkvæmdir sem hafi þurft að fresta vegna klúðursins með samgönguáætlun. „Það er bara ekki svigrúm. Mikið af þessu fé sem við höfðum til umráða var bundið við framkvæmdir sem þegar voru komnar af stað. Það eru í öllum fjórðungum mjög brýn verkefni sem bíða.“ Að sögn ráðherrans stendur nú yfir könnun á því hvort hægt sé að fjármagna nokkrar stórar og fjárfrekar framkvæmdir með sérfjármögnun. „Það myndi jafngilda því að fé til nýframkvæmda allt að því tvöfaldist á þeim árum sem fram undan eru. Það myndi lyfta grettistaki í uppbyggingu.“

Jón tekur undir greiningu Arion banka, sem birtist fyrir helgi, að uppsöfnuð þörf samgöngukerfisins sé rúmir tuttugu milljarðar.

Eins og Jón bendir glögglega á eru fleiri verkefni í öðrum landsfjórðungum sett á bið vegna niðurskurðarins.

Samtök atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum sendu frá sér tilkynningu þar sem niðurskurðurinn er sagður áfall. snaeros@frettabladid.is

> **Í sjálfu sér skil ég vel gremju fólks víða um land út af þessari alvarlegu stöðu en þetta er bara staðan.**
>
> Jón Gunnarsson samgönguráðherra.



**20**

**milljarðar er þörf samgöngukerfisins samkvæmt greiningu Arion banka.**

**33**

**kílómetrar eru enn ómalbikaðir af þjóðvegi 1.**



# Þvottadagar

## AEG ÞVOTTAVÉLAR & ÞURRKARAR

NÝ MÓDEL

ÁRGERÐ 2017



20%

**AEG** 914550043

**ÞVOTTAVÉL**

*L7FBE840E*

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 119.900,-** **Verð nú: 95.920,-**

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

3 ÁRA ÁBYRGÐ

10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG** 914550046

**ÞVOTTAVÉL**

*L7FBM826E*

Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.

**Verð áður: 139.900,-** **Verð nú: 111.920,-**

## ÞVOTTAVÉLAR



**AEG** 914913404

**ÞVOTTAVÉL**

*L6FBE720I*

Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 89.900,-**
**Verð nú : 71.920,-**

20%

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

3 ÁRA ÁBYRGÐ

20%

**AEG** 914913410

**ÞVOTTAVÉL**

*L6FBE840I*

Tekur 8 kg af þvotti.
1400 sn. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 99.900,-**
**Verð nú: 79.920,-**

## ÞURRKARAR



20%

**AEG** 916097949

**ÞURRKARI**

*T6DBM720G*

Tekur 7 kg af þvotti.

**Áður: 99.900,-**
**Nú: 79.920,-**



20%

**AEG** 916097952

**ÞURRKARI**

*T6DEL821G*

Tekur 8 kg af þvotti.

**Áður: 109.900,-**
**Nú: 87.920,-**



20%

**AEG** 916097905

**ÞURRKARI**

*T7DEP831E*

Með varmadælu.
Tekur 8 kg af þvotti.

**Áður: 129.900,-**
**Nú: 103.920,-**

NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON**<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | **ORMSSON**<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | **KS**<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | **SR BYGG**<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | **ORMSSON**<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | **PENNINN**<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | **ORMSSON**<br>VÍK -EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 4712038 | **ORMSSON**<br>PAN-NESKAUPSSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | **ORMSSON**<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | **GEISLI**<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 | **TÆKNIBORG**<br>BORGARNESI<br>SÍMI 422 2211 | **OMNIS**<br>AKRANESI<br>SÍMI 433 0300 | **BLÓMSTURVELLIR**<br>HELLISSANDI<br>SÍMI 436 6655 |

# Á vegum úti



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það efast eflaust enginn um að ástand þjóðvega á Íslandi er langt frá því að vera með viðunandi hætti og reyndar dugar að skoða þjóðveg eitt til þess að sjá að þetta er einfaldlega ekki í lagi. Ástandið er vissulega misslæmt um landið en í Berufirði er það svo dapurlegt að þar hafa stjórnvöld ekki einu sinni getað komið því í verk að leggja bundið slitlag á átta kílómetra kafla. Álagið á hringveginn er mikið og eykst stöðugt með auknum ferðamannastraumi og því fylgir slysahætta.

Vondir vegir valda slysum. Ekki síst í ljósi þess að fjölmargir þeirra ferðamanna sem streyma til Íslands þessi dægrin og setjast undir stýrið á bílaleigubílum, án þess að gera sér grein fyrir því hvað bíður þeirra, hafa aldrei keyrt á malarvegi áður. Vegarkaflar á borð við kílómetrana átta við Berufjörð eru því með þeim hætti að þar er lífi og limum vegfarenda stefnt í voða í nafni sparnaðar. Sparnaðar á kostnað öryggis umræddra ferðamanna jafnt sem allra vegfarenda og þá ekki síst íbúa svæðisins sem mest þurfa á því að halda að hafa veginn í lagi. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum sem mætti tiltaka víða um land og þetta er auðvitað ekki í lagi.

Þann 12. október síðastliðinn var samþykkt á Alþingi ný samgönguáætlun sem fól í sér að fara í umtalsverðar umbætur. Á meðal þeirra sem samþykktu þessa ágætu áætlun var Jón Gunnarsson, sem nú, nokkrum mánuðum síðar, gegnir embætti ráðherra samgöngumála, en Jón samþykkti hins vegar líka um tveimur mánuðum síðar ný fjárlög sem urðu til þess að hin nýja samgönguáætlun er marklaust plagg. Jón hefur því væntanlega verið á því að það hafi verið farið offari um tíu milljarða þann 12. október og því ákveðið að samþykkja fjárlögin með þessum róttæka niðurskurði til samgöngumála. En auðvitað á maður ekki að gera Jóni upp skoðanir eða gefa sér neitt um það hvað veldur þessum tvískinnungi. En það verður þó að segjast að það er furðulegt að sjá flokk sitja í ríkisstjórn tvö kjörtímabil í röð og gera sér ekki skýrari grein fyrir stöðu ríkissjóðs en þetta.

Ferðamannaiðnaðurinn hefur á örfáum árum farið upp úr öllu valdi á Íslandi. Aukning erlendra ferðamanna er gríðarleg frá ári og til árs og í raun sjáum við ekki fyrir endann á þessum mikla vexti. En á sama tíma og þessi sami ferðamannaiðnaður skilar gríðarlegum tekjum í ríkiskassann þá virðist ríkisvaldinu vera með öllu fyrirmunað að byggja upp þá innviði sem þarf til þess að standa að þessari atvinnugrein með sómasamlegum hætti.

En auðvitað snýst þetta ekki aðeins um alla þessa ferðamenn sem bruna um íslenska vegi en hafa kannski aldrei áður ekið eftir malarvegi eða yfir einbreiðar brýr. Þetta snýst auðvitað um rétt okkar til þess að ferðast með öruggum hætti um landið og þetta snýst um aðgengi hinna dreifðari byggða að stjórnsýslu og þjónustu þéttbýliskjarna. Fólkið í þessum byggðum á betra skilið en það sem þeim er boðið upp á í dag. Þetta vita stjórnvöld og þeim ber að gera á þessu bót ekki seinna en strax.

**Fólkið í þessum byggðum á betra skilið en það sem þeim er boðið upp á í dag**




**Af hverju krosslímt tré?**

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvítur miðaldra karlmaður**
**Björn Valur Gíslason, varaformaður VG, hótaði í liðinni viku að kæra ritara flokksins, Unu Hildardóttur, fyrir hatursorðræðu. Þann 13. janúar síðastliðinn sagðist Una „hata miðaldra karlmenn“ á Twitter. Björn Valur er vissulega miðaldra karlmaður en það er glænýr snúningur á innanflokksátökum þegar stjórnarmenn hóta að kæra hver annan fyrir ummæli, þeim ótengd, á samfélagsmiðlum. Hatursorðræða gegn miðaldra karlmönnum yrði ákaflega spennandi prófmál. Það eru hæg heimatökin hjá Birni Val en hatursglæpalöggan, Eyrún Eyþórsdóttir, var varaþingmaður flokksins á síðasta kjörtímabili.**

**Hornspyrna**
**Björn Valur hefur raunar átt í vandræðum innan VG lengi. Flokksmenn segja hann hafa komist nálægt því að eyðileggja síðustu kosningabaráttu VG í NA-kjördæmi með gremju og niðurrifi. Þá fóru þingmenn ekki í grafgötur með að Björn hefði staðið í vegi fyrir ríkisstjórnarsamstarfi fimm flokka frá vinstri til miðju í haust. Flokksmenn VG reyndu þá að gera sem minnst úr vægi varaformannsins. Svo virðist sem Björn hafi málað sig út í horn hjá flokksfélögum sínum. Þaðan reynir hann að taka hornspyrnu en liðsmennirnir eru í sókn hinumegin á vellinum.** snaeros@frettabladid.is

# Áhætta á kostnað almennings



Oddný G. Harðardóttir
formaður þingflokks Samfylkingarinnar

Á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins liggja drög að endurskoðaðri eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í stefnunni er ekkert rætt um breytt skipulag bankakerfisins til hagsbóta fyrir almenning. Þó er tækifæri til þess einmitt nú þegar ríkið á stærsta hluta bankakerfisins. Allt á að selja nema minnihluta (34-40%) í Landsbankanum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að allar fjármálastofnanirnar verði óbreyttar og haldi áfram í sömu mynd og þær eru í dag og engin merki um að ríkið leggi áherslu á breytta menningu eða siðferði innan kerfisins frá því sem var fyrir hrun. Við horfum á nánast sama bankakerfið og fyrir hrun og sömu áhættu á herðum almennings. Mér finnst það algjörlega óásættanlegt.

Ríkið á þvert á móti að beita eigendaáhrifum sínum í bönkunum til þess að stuðla að heppilegri þróun á fjármálamarkaði og það á að fara í þá vinnu strax. Nú eru vogunarsjóðir líklega að eignast fyrsta eignarhlutinn sem er seldur í banka eftir að samið var við kröfuhafa. Hverjir eru eigendur þessara vogunarsjóða? Er það virkilega stefna nýrrar ríkisstjórnar að hér verði nánast sama bankakerfi og fyrir hrun með vogunarsjóði í broddi fylkingar? Á að endurtaka sömu mistök og við síðustu einkavæðingu?

Bankakerfið verður að geta staðið af sér fjármálaáföll. Framtíðarskipan þess þarf að miða að því að kerfið verði öruggt, skilvirkt og hæfilega umfangsmikið með ódýrri sjálfsagðri þjónustu við fólk og fyrirtæki. Sparifjáreigendur hafa ekki veð í bönkunum en verða að geta treyst því að sparifé þeirra sé öruggt og aðgengilegt til að greiða með regluleg útgjöld.

Hagur almennings er best varinn með því að fjárfestingabankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi verði aðskilin. Fjárfestar sem njóta alls ávinnings af áhættu ef vel tekst til, eiga líka að bera allan kostnað þegar verr gengur. Honum má ekki velta yfir á almenning.

Við eigum alls ekki að selja bankana frá okkur núna í óbreyttri mynd, heldur nýta tækifærið til að bæta bankakerfið til hagsbóta fyrir almenning.

**Er það virkilega stefna nýrrar ríkisstjórnar að hér verði nánast sama bankakerfi og fyrir hrun með vogunarsjóði í broddi fylkingar?**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Frelsi er aldrei sjálfdæmi

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Það er mikil einföldun að áfengisfrumvarpið snúist um frelsi í þeim skilningi að frelsi sé veitt í málaflokki þar sem nú ríki ófrelsi eða ánauð. Það má kaupa áfengi hér á landi.

Dæminu má snúa við og segja sem svo að gagnvart fólki sem glímir við áfengisvanda geti aukið framboð af áfengi, aukinn sýnileiki þess, ágengari sölumennska á því, leitt viðkomandi einstaklinga og aðstandendur þeirra út í ánauð – eða framlengt hana – fært þeim ófrelsi gagnvart þessu vímuefni sem hefur svo afdrifarík áhrif á líf og störf okkar – og fólksins kringum okkur – þegar það er misnotað.

Leiðin til ánauðar hefur oft verið vörðuð mörgum sjússum.

**Frelsi er ekki …**

Frelsið er stórt orð – kannski stærsta orð í heimi. Það vísar á mikilvægustu svið mannlegrar tilveru og það má ekki gera lítið úr því. Við eigum að fara varlega með þetta orð, segja það lágt og af lotningu. Nota það sjaldan og einungis þegar það á við. Þetta er heilagt orð. Og rétt eins og rónarnir komu óorði á brennivínið hafa markaðstrúarmenn fengið að nota orðið frelsi til að réttlæta yfirgang og ránsskap.

Andstæða frelsis er ekki að fara að lögum og reglum samfélagsins. Andstæða frelsis er þrældómur. Eitt það versta sem ein manneskja getur gert annarri manneskju er að hneppa hana í þrældóm. Og þrældómur í einni eða annarri mynd er hlutskipti fólks um víða veröld.

Frelsi er ekki símaþjónusta. Frelsi er ekki aflraunakeppni. Frelsi er ekki fíkniefnaneysla. Frelsi er ekki réttur hins stóra og sterka til að sitja yfir hlut þeirra smáu og veiku. Frelsi er ekki leyfi til að ganga að manneskju og hrækja framan í hana. Frelsi er ekki umboð til að ata ókunna manneskju auri fyrir uppruna hennar, trúarbrögð, kyn, sköpulag, eðli. Frelsi er ekki kaupsýslufyrirkomulag. Frelsi er ekki einkaréttur. Frelsi er ekki sjálfdæmi um framkomu við annað fólk: frelsi er aldrei sjálfdæmi.

Frelsi eins verður aldrei skoðað í tómarúmi og einangrað frá öðru fólki og aðstæðum. Frelsi eins getur aldrei grundvallast á ófrelsi annars. Sá sem hreykir sér á kostnað annarra er ekki að tjá frelsi sitt – heldur neyta aflsmunar, beita ofríki, kúga.

Frelsi er ekki merkingarlaust orð eða hugtak; það er svo þrungið merkingu að því verður naumast komið í önnur orð.

**Frelsi er …**

Kannski finnum við hvað frelsi er þegar við missum það.

Frelsið getur til dæmis verið að eiga kost á ólíkum möguleikum í lífi sínu: á ég að verða flugvirki eða sjúkraliði? Á ég að greiða mér svona, klæðast rauðu, sofa hjá þessum, fara að hjóla, fá mér tattú? Alls konar atvik daglegs lífs sem gott er að geta tekið ákvörðun um og velja sífellt: Hver er ég, hver vil ég vera? Frelsi er að mega segja hug sinn án þess að þurfa að gjalda fyrir það – hug sinn um stjórnmál og trúmál og listir og önnur mannanna verk. Frelsi er að iðka trú á æðri máttarvöld án þess að þurfa að þola ofsóknir. Frelsi er að mega elska og iðka ást án þess að þola ofsóknir. Frelsi er vissulega óljós tilfinning en mikilsverð engu að síður. Frelsi er rýmiskennd: olnbogarými, tilfinning fyrir eigin svæði í tilverunni. Frelsi er að geta gengið um götur og þúfur og fundið sig og sinn stað í heiminum, fara um á hestbaki á fögru sumarkvöldi, liggja með ástinni sinni á köldu vetrarkvöldi, vera einn með almættinu í trillunni sinni að dorga. Frelsi er að lifa og starfa innan um annað fólk á sínum eigin forsendum – að vera maður sjálfur en ekki uppdiktuð persóna sem manni er þröngvað til að leika.

Hægt er að fyrirgera frelsi með því til dæmis að bana annarri manneskju, stela, beita ofbeldi eða sýna að slík ógn stafi frá manni að ekki sé forsvaranlegt að maður fái að vera á almannafæri. Það þarf mikið til að glata frelsi sínu. Slíkt heyrir til undantekninga. Við fæðumst til að vera frjáls og það má ekki skerða frelsi okkar umfram það sem lög og reglur kveða á um. Því lágmarks reglur þurfa að ríkja. Til dæmis umferðarreglur: við stígum upp í bíl eða á hjól (vél- eða fótknúið) og okkur er heimilt að fara hvert á land sem við viljum; við megum góla að vild undir stýri – en við verðum samt að stöðva á rauðu ljósi; við þurfum að gefa stefnuljós (jú víst!) og fara eftir alls konar reglum skráðum og óskráðum um það hvernig ferð okkar er háttað, því að annars væri umferðin stjórnlaus og lífshættuleg.

Þannig er allt frelsi okkar í afstöðu við frelsi annarra; við erum samfélag og það ríkja tilteknar reglur.

Við höfum persónufrelsi og athafnafrelsi – og hið sama gildir um það: frelsi okkar til athafna takmarkast við það að sýna öðrum ofríki og yfirgang. Frelsi er að opna verslun og hefja framleiðslu á varningi, svo dæmi sé tekið. En það er ekki frelsi að greiða kaupmönnum fyrir einokunarstöðu eins og tíðkast hér á landi í sölu á drykkjarvörum, þar sem einungis komast að vörur frá Vífilfelli og Ölgerð Egils Skallagrímssonar – nema í ríkinu: Þar er okkur frjálst að kaupa drykki frá smærri framleiðendum. Verði áfengisfrumvarpið að lögum mun því frelsi okkar til áfengiskaupa að öllum líkindum skerðast mjög.



Landsvirkjun

# Raforkumarkaður á tímamótum

Velkomin á morgunverðarfund 7. mars nk.

Ný greining óháðra danskra sérfræðinga beinir sjónum að tækifærum til þróunar á íslenska raforkumarkaðnum. Er orkuöryggi á Íslandi tryggt? Er verðmætasköpun nægileg? Á þessum morgunverðarfundi verður leitast við að skýra fyrirkomulag raforkumála hér, benda á mögulegar takmarkanir og reifa hugsanlegar leiðir til úrbóta.



**Opnun fundar**
**Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

**Fyrirkomulag á íslenskum raforkumarkaði**
**Hörður Arnarson**, forstjóri Landsvirkjunar

**Energy market reform options in Iceland:**
Promoting security of supply and natural resource value
**Helge Sigurd Næss-Schmidt og Martin Bo Westh Hansen**, hagfræðingar Copenhagen Economics

Fundarstjóri: **Stella Marta Jónsdóttir**, forstöðumaður verkefnastofu Landsvirkjunar

**Hilton Reykjavík Nordica**
7. mars 2017
kl. 8:30–10:00 (morgunkaffi hefst kl. 8.00)

**Allir velkomnir**
Skráning á www.landsvirkjun.is



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Aníta Hinriksdóttir sést hér á verðlaunapallinum í gær ásamt Shelaynu Oskan-Clarke frá Bretlandi (silfur) og Selinu Buchel frá Sviss (gull). Aníta er mjög sátt með uppskeruna og má líka vera það. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ég er hrikalega kát með þetta

**Aníta Hinriksdóttir varð í gær fimmti Íslendingurinn sem vinnur verðlaun á Evrópumóti í frjálsum íþróttum innanhúss en íslenska hlaupadrottningin lendir á Íslandi í dag með EM-brons með í för.**

**FRJÁLSAR** Sunnudagurinn 5. mars 2017 var stór dagur fyrir íslenskar frjálsíþróttir en Ísland eignaðist þá sinn fyrsta verðlaunahafa á stórmóti í sextán ár.

Aníta Hinriksdóttir endaði þessa löngu bið með því að tryggja sér brons í 800 metra hlaupi kvenna á EM innanhúss í Belgrad í Serbíu.

Þetta eru fyrstu verðlaun Íslendings á stórmóti síðan Jón Arnar Magnússon fékk silfur í sjöþraut á HM í Lissabon árið 2001 og fyrstu verðlaun Íslands á EM innanhúss síðan Vala Flosadóttir fékk brons á EM í Valencia 1998.

### Var markmiðið

„Þetta var markmiðið án þess að segja það. Ég var búin að stefna á það að komast á pall og ég hef verið í úrslitum í nokkrum mótum,“ sagði Aníta Hinriksdóttir þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær.

Aníta var með besta tímann í undanrásum og næstbesta tímann í undanúrslitum. Í úrslitunum réði Aníta ekki við Svisslendinginn Selinu Büchel og Bretann Shelaynu Oskan-Clarke sem báðar settu persónuleg met en Aníta tryggði sér bronsverðlaunin með flottu hlaupi sem var aðeins sjö sekúndubrotum frá Íslandsmeti hennar.

„Ég var á því tæpasta í undanúrslitahlaupinu og var þá stressuð að komast áfram. Það var fínt að fá það hlaup því við gátum farið yfir það saman og við fundum síðan eitthvað meira orkusparandi eins og í dag (í gær),“ sagði Aníta en hvernig leið henni á lokasprettinum?

### Passaði að missa ekki fæturna

„Ég fann bara að ég var með þriðja sætið og ég reyndi bara að gefa allt í lokin og passa að missa ekki fæturna undan mér,“ sagði Aníta.

Hún er fimmti Íslendingurinn sem vinnur verðlaun á EM innanhúss en Vala Flosadóttir (2), Jón Arnar Magnússon (2), Pétur Guðmundsson og Hreinn Halldórsson hafa unnið til verðlauna á EM. „Það er heiður að vera í þessum hópi,“ segir Aníta.

Aníta rétt slapp þegar hin sænska Lovisa Lindh hrasaði í brautinni en hún var nálægt því að detta á Anítu.

„Það er oft þröngt á þessum brautum innanhúss en mér leið eins og þetta hafi verið meiri heppni fyrir mig. Ég náði að komast þarna á milli og þetta var ekki verra fyrir mig,“ sagði Aníta.

### Mátti ekki gera mörg mistök

Hún var mjög ánægð með þessa flottu uppskeru og fyrstu verðlaunin í fullorðinsflokki.

„Ég er hrikalega kát með þetta enda má maður ekki gera mörg taktísk mistök til að svona gangi upp. Það er alltaf eitthvað og ég var aðeins á annarri braut en það er bara þröngt á milli og margar á sama getustigi,“ segir Aníta. Henni tókst vel að vinna sig í gegnum þreytuna en bronshlaupið var hennar þriðja á innan við þremur sólarhringum.

### Naflastrengurinn er ekki slitinn

„Það er alltaf áhætta að skipta um umhverfi og skipta um þjálfara. Hún sýndi það með Íslandsmetinu á Reykjavíkurleikunum að hún var á góðum stað. Það gaf góð fyrirheit,“ sagði Freyr Ólafsson, formaður FRÍ. Aníta vann verðlaun á sínu fyrsta stórmóti eftir að hún skipti um þjálfara og fór út til Hollands til æfinga.

„Þessi þjálfaraskipti eru líka alveg einstaklega vel heppnuð. Hún er komin til virkilega góðs þjálfara sem er með gott teymi. Miklu máli skiptir líka að naflastrengurinn er ekki slitinn. Gunnar (Páll Jóakimsson) fylgir henni eftir, styður við hana og styður við okkur hjá sambandinu. Við erum í mjög góðu sambandi. Það er frábært hvernig menn hafa unnið þetta,“ segir Freyr.

### Skokk með þjálfarunum um morguninn

„Ég komst í nudd eftir hlaupið í gær og svo hugsaði ég bara um að drekka og nærast vel. Það skiptir líka miklu máli að reyna að halda sér eins afslappaðri eins og maður getur. Svo skokkum við alltaf á morgnana, ég og þjálfarinn, til að koma blóðflæðinu af stað,“ sagði Aníta létt. Íslandsmet hennar á Reykjavíkurleikunum fyrir mánuði gaf tóninn og Aníta segir það hafa gefið sér mikið.

„Það var hrikalega gott að fá þetta hlaup á Reykjavíkurleikunum og það var líka vel skipulagt. Það gaf mér sjálfstraust eins og fyrir þetta mót. Það hefur gengið vel hjá mér innanhúss en ég get alveg sagt að þetta er hápunkturinn minn hingað til,“ segir Aníta sem flaug heim í morgun.

### Heim í eina viku

„Ég ætla að koma heim í viku og safna kröftum og svona,“ segir Aníta en hún fær kannski ekki mikla hvíld því það það vilja örugglega margir hitta hana og óska henni til hamingju. „Vonandi. Það er lúxusvandamál held ég,“ segir Aníta.

„Núna tekur við léttari vika heima og grunnæfingar. Svo förum við í æfingabúðir í Bandaríkjunum í apríl. Ég held ég byrji með einu og einu hlaupi í maí til að koma mér af stað en svo HM Í London það stærsta sem og EM U-23,“ sagði Aníta að lokum. **ooj@frettabladid.is**

# Vann brons í Bandaríkjunum

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir vann verðlaun á alþjóðlegu sundmóti í Indianapolis í Bandaríkjunum um helgina.

Hrafnhildur vann þá brons í 100 metra bringusundi á Arena Pro swim series með því að synda á 1.07.94 mín. en hún varð einnig í fjórða sæti í 200 metra bringusundi.

Þetta er mót var hluti af undirbúningsferli hennar fyrir HM 50 í sumar en mótið var feikisterkt og sýndi Hrafnhildur að hún er vel stödd í æfingaferli sínu og áfram meðal þeirra fremstu.

Hrafnhildur vakti athygli á mótinu með að því að synda bringusund í 50 metra skriðsundi en í skriðsundinu er leyfilegt að nota sundtök að eigin vali. Þetta gerði Hrafnhildur af því að ekki var boðið upp á 50 metra bringusund á þessu móti.



Hrafnhildur vildi sjá tímann sinn en hún hefur undanfarið einbeitt sér meira að styttri vegalengdum sem eru 50 og 100 metra sund.

Hrafnhildur er samt ein örfárra kvenna í bringusundsheiminum sem syndir allar þrjár vegalengdirnar í fremstu röð. **- óój**

# PRECOLD® – LAUSN GEGN KVEFI

**Vistor hf. kynnir** PreCold® munnúði dregur úr líkum á kvefi og styttir tíma kvefeinkenna ef hann er notaður frá upphafi einkenna. PreCold® inniheldur virk náttúruleg sjávarensím og myndar verndandi filmu á slímhúðinni í kokinu.

**HVAÐ ER PRECOLD®?**

„PreCold® er munnúði sem notaður er gegn kvefi, til að draga úr einkennum kvefs og til að stytta tíma kvefeinkenna," segir Guðný Traustadóttir Markaðstengill hjá Vistor hf. „PreCold® er úðað í munnhol og kok þar sem kvefveiran tekur sér bólfestu og fjölgar sér. PreCold® myndar verndandi filmu á slímhúðinni í kokinu. Filman sem inniheldur virk náttúruleg sjávarensím dregur úr getu veiranna til að bindast við slímhúðina í kokinu og getur þannig fyrirbyggt kvef."

PreCold® minnkar líkur kvefsmiti og getur því stytt tíma veikindanna ef það er notað frá því að kvefeinkenni koma fyrst fram.

**HVERNIG Á AÐ NOTA PRECOLD®?**

PreCold® munnúðinn er auðveldur í notkun. Beinið stútnum að kokinu og úðið tvisvar.

*Við kvefeinkennum:*

- Notið PreCold® á 2-3 tíma fresti, u.þ.b. sex sinnum á dag þar til einkenni hverfa. Hafið samband við lækni ef kvefeinkenni vara lengur en í 10 daga.

*Fyrirbyggjandi við kvefi:*

- Notið tvo úðaskammta þrisvar sinnum á dag, þó ekki lengur en 30 daga í senn.

**FYRIRBYGGJANDI NOTKUN**

Að sögn Guðnýjar er hægt að nota PreCold® fyrirbyggjandi ef aukin hætta er á kvefsmiti. „Til dæmis ef þú ert innan um fólk með kvef eða ert að fara í flug. Ef nota á PreCold® fyrirbyggjandi er úðinn notaður þrisvar sinnum á dag."

**PRECOLD® ER FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

PreCold® hefur staðbundin áhrif á yfirborð slímhúðarinnar í kokinu og stendur verkunin yfir í skamman tíma. Því hentar PreCold® jafnt börnum frá fjögurra ára aldri, fullorðnum og öldruðum. Engar klínískar rannsóknir hafa verið gerðar á notkun PreCold® á meðan á þungun eða brjóstagjöf stendur svo ávallt skal ráðfæra sig við lækni fyrir notkun ef svo ber undir.

**PRECOLD® MUNNÚÐINN:**

- Hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri
- Hefur staðbundna verkun í hálsi
- Er án sykurs og rotvarnarefna

**KLÍNÍSK RANNSÓKN**

Klínísk rannsókn* sem framkvæmd var á Skåne háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð leiddi í ljós að meðhöndlun með PreCold® blöndunni fækkaði kvefdögum að meðaltali úr 6,5 í þrjá daga í samanburði við lyfleysu. Rannsóknin sýndi einnig að veirum í koki fækkaði um 99% í hópnum sem notaði PreCold® blönduna og að munnúðinn er öruggur til notkunar.






PreCold er fyrir alla fjölskylduna.



PreCold er úðað í kokið þar sem það myndar verndandi filmu.

**PRECOLD® FÆST Í APÓTEKUM OG Í FRÍHÖFNINNI.**

**WWW.PRECOLD.IS**
**WWW.FACEBOOK.COM/PRECOLD.IS**

**ÍSLENSKT HUGVIT**

PreCold® er CE-merkt vara og skráð sem lækningatæki í flokki I. Varan byggir á íslensku hugviti og áralöngum rannsóknum. PreCold® hefur verið selt í Evrópu undir vörumerkinu ColdZyme® síðan 2012.

*Clarsund M, Fornbacke M, Uller L, Alhström Emanuelsson C, 2014, Common Cold prophylaxis using ColdZyme mouth spray. Congress of the Nordic Association of Otolaryngology.



# LANGAR Í MELT LJÓS OG EGGIÐ

**Edda Rún Ragnarsdóttir** innanhússarkitekt hjá ERR Design, var beðin um að velja fimm uppáhaldshönnunarmuni sína. Hún var ekki í vandræðum með það og valdi þrjá hluti sem hún á nú þegar og tvo sem hana dreymir um að eignast.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Edda Rún stofnaði sitt eigið hönnunarfyrirtæki ERR Design árið 2011. Hún hefur mikla reynslu af því að hanna verslanir, skrifstofur og veitingastaði en tekur einnig að sér verkefni fyrir einstaklinga. „Það finnst mér skemmtilegt og öðruvísi," segir hún glaðlega.

Edda Rún hefur ávallt haft gaman af því að hafa fallegt í krinum sig. „Það var ástæðan fyrir því að ég fór að læra innanhússarkitektúr. Mér finnst skipta svo miklu máli að fólki líði vel í því umhverfi sem það er í, hvort sem það er heima eða í vinnu."

**1** Fyrsti draumahluturinn minn, sem mér þykir afskaplega vænt um er sófi sem ég hannaði sjálf. Ég hannaði ERR1 sófann fyrir setustofur á Glerártorgi. Þetta eru tveggja sæta sófar sem eru rauðir, grænir og bláir eftir þema hverrar setustofu. Ég lét gera einn sófa fyrir sjálfa mig en hafði hann þriggja sæta. Ég ætlaði að hafa hann svartan og gráan en manninum mínum fannst rauði liturinn fallegastur sem er skemmtilegt því rauður er uppáhaldsliturinn minn og einkennið mitt.

1



Edda Rún hefur ávallt haft gaman af því að hafa fallegt í krinum sig. MYND/STEFÁN

**2** Ég er mjög ánægð með String hillurnar mínar sem ég kom loks fyrir í eldhúsinu mínu en þær eru punkturinn yfir iið í eldhúsinu. String-hillukerfið er hönnun sænska arkitektsins Nils Strinning frá 1949.

**3** Mig hefur lengi dreymt um að eignast Eggið eftir Arne Jacobsen. Það er draumastóllinn minn. Hins vegar veit ég ekki hvort af því verður að ég eignist hann því hann er ekkert ódýr. Upphaflega langaði mig í rautt Egg en eftir að ég eignaðist rauða sófann minn langar mig í Eggið í svörtu leðri.

**4** Ég held mikið upp á borðstofustólana mína sem eru Sjöur eftir Arne Jacobsen. Ég fékk fjóra slíka í útskriftargjöf frá foreldrum mínum þegar ég kláraði innanhússarkitektinn í London. Ég er mikill aðdáandi Arne Jacobsen og sæki innblástur til hans. Til dæmis eru hurðarhúnarnir hérna heima eftir hann.

**5** Það er sem mig dreymir um að eignast og er næst á listanum hjá okkur hjónum eru Melt-ljósin eftir Tom Dixon. Okkur langar að blanda nokkrum ólíkum litum yfir borðstofuborðinu. Melt ljósin eru úr gleri og það er eins og kúlan hafi bráðnað. Þau koma í ólíkum stærðum og þremur ólíkum litum.

**Nánari upplýsingar um Eddu Rún má finna á www.err.is eða á facebook undir ERR Design.**




3



2



4



5





LYFJA
– Lifið heil

SOTHYS
PARIS



25%
AFSLÁTTUR
6.-11. mars

# SOTHYS DAGAR Í LYFJU



## Ert þú að nota rétt krem fyrir þína húð?

**Frí húðgreining** í Lyfju Lágmúla í dag frá kl. 12-16, í Lyfju Borgarnesi á morgun, þriðjudag, frá kl. 11.30-15.30 og í Lyfju Keflavík á miðvikudag frá kl. 11.30-15.30.

### VEGLEG GJÖF!

Veglegir kaupaukar fylgja með þegar þú verslar Sothys vörur fyrir 5.000 kr. eða meira.*




**Gildir meðan birgðir endast.*

Reykjanesbæ • Smáralind • Smáratorgi • Lágmúla • Borgarnesi

Lyfja.is

# NJÓTUM LÍKA MEÐ AUGUNUM

Það þarf ekki mikla fyrirhöfn til að útbúa fallegar borðskreytingar við ýmis ólík tilefni. Gott er að hafa í huga rétta litasamsetningu auk þess sem hægt er nota fleira en blóm, t.d. greinar, berjalyng, ávexti, grænmeti og laufblöð.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Fallegar borðskreyting getur skipt sköpum þegar halda skal vel heppnaða og góða veislu segir Helga Helgadóttir blómahönnuður en hún hélt ókeypis sýnikennslu í gær í Borgarbókasafninu í Árbæ. Þar fór hún m.a. yfir það hvernig hægt er að útbúa borðskreytingar við ýmis ólík tækifæri. „Þar sýndi ég t.d. mismunandi útfærslur og hugmyndir að fallegum borðskreytingum á matar- og kaffiborðið í rómantískum stíl sem eru einfaldar og auðvelt að útbúa án mikils tilkostnaðar.“



Ljósbleik gerberan er falleg borðskreyting.

### ÓLÍKIR LITIR

Hún segir afar mikilvægt að hafa litasamsetninguna í huga og hafa t.d. kerti, servíettur og blóm í mismunandi litum. „Það getur nefnilega verið fallegt að vinna með ólíka liti sem passa saman. Við njótum jú líka með augunum og fallega skreytt matarborð gerir matinn enn betri.“

Það fyrsta sem kemur vafalaust upp í huga fólks þegar minnst er á borðskreytingar eru blóm en það er hægt að nýta margt annað hráefni að sögn Helgu. „Ef borðskreytingar innihalda ekki blóm er hægt að nota ýmislegt eftir ólíkum árstíðum. Yfir sumartímann getur verið gaman að nota það sem náttúran gefur og á haustin eru t.d. greinar, berjalyng, ber og laufblöð skemmtilegur valkostur. Ef fólk á eigin garð er gaman að taka úr honum falleg blóm, greinar og rabarbara auk þess sem ávextir og grænmeti geta einnig sómt sér vel sem skraut á fallegu matarborði. Ég ráðlegg auk þess fólki að hafa frekar eina stóra skreytingu en nokkrar litlar.“



Rósin er klassísk og til í mörgum litum.



**„Við njótum jú líka með augunum og fallega skreytt matarborð gerir matinn enn betri,“ segir Helga Helgadóttir blómahönnuður.** MYNDIR/EYÞÓR

### MÁ VERA ÓDÝRT

Og falleg borðskreyting þarf ekki að kosta mikið segir Helga. „Bara smáræði á borð við fallegar rósir, kerti eða servíettur getur skipt miklu máli fyrir heildarmyndina og kostar ekki svo mikinn pening.“

Það sem helst þarf þó að forðast við gerð borðskreytinga að sögn Helgu eru litlir hlutir. „Því ráðlegg ég flestum frá því að kaupa fullt af litlum hlutum sem týnast svo á matarborðinu. Þá er betra að hafa heldur færri hluti og leggja meira í þá enda er mun árangursríkara að hafa eina góða skreytingu í stað margra.“



LANDMARK FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Sigurður Samúelsson Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312

Sveinn Eyland Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820

Kristján Ólafsson Hrl. Löggiltur fasteignasali

Þórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309

Eggert Maríuson Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 690 1472

Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir skjalagerð

Benedikt Ólafsson Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 661 7788

Nadia Katrín Sölufulltrúi Sími 692 5002

Helga Snorradóttir Skjalavinnsla

Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali Sími 895 7784

Ingibjörg Agnes Jónsdóttir Sölufulltrúi Sími 897 6717


# Einbýli á einni hæð í Fossvogi

**Eignamiðlun hefur til sölu fallegt og vel staðsett 202 fm endaraðhús á einni hæð að Goðalandi 17.**

Húsið er teiknað af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt og stendur neðarlega í Fossvogsdalnum, innst í götu og með stórum suðurgarði með timburverönd , hellulögðum stígum og skjólveggjum. Bílastæði eru við húsið en bílskúr, sem er 22,5 fm, er í lengju aðeins frá húsi.

Húsið skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, borðstofu, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi (skv. teikningu eru herbergin fimm og er auðvelt að fjölga þeim).

**Nánari lýsing:** Komið er inn í flísalagða forstofu. Gestasnyrting er flísalögð, sjónvarpshol er parketlagt og borðstofa og stofa einnig.

Arinn í stofu. Gólfsíðir gluggar eru í stofu. Verönd er til suðurs.

Eldhús er rúmgott, parketlagt og með ALNO innréttingu og borðkróki.

Þvottahús er með bakinngangi.

Herbergin eru þrjú, öll parketlögð og með fataskápum. Gengið er út í garð úr stofu og hjónaherbergi. Flísalagt baðherbergi, sem hefur verið endurnýjað, er með sturtuklefa og innréttingu.



Húsið er 202 fm en þar af er 22,5 fm bílskúr.



Húsið er teiknað af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt

***Allar nánari upplýsingar gefur Kjartan Hallgeirsson lögg. fasteignasali í síma 824-9093 eða kjartan@eignamidlun.is***


## Við gerum betur



## Ertu í fasteignahugleiðingum?

Nú er rétti tíminn til að hugsa sér til hreyfings.

Áralöng, dýrmæt og góð reynsla í fasteignaviðskiptum. Stöndum við bakið á þér alla leið.

Athugið nýtt símanúmer, 510 3000

Elín Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali +354 695 8905
elin@islenskafasteignasalan.is

Guðrún H. Ólafsdóttir Hdl/Löggiltur fasteignasali +354 845 7445
gudrun@islenskafasteignasalan.is

Íslenska fasteignasalan

Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur
+354 510 3000
sala@islenskafasteignasalan.is



BERG FASTEIGNASALA



**Háholt 14, Mosfellsbær**
- Sími: 588 5530
- berg@berg.is - www.berg.is
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is



heimili fasteignasala – á traustum grunni

Finndu okkur á Facebook

MOTTU MARS



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason

Gunnlaugur A. Björnsson

Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir

Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur




**Háaleitisbraut 117 - 4 svefnherb. opið hús.**
Mjög vel skipulögð um 118 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Möguleg fjögur rúmgóð svefnherbergi og stofa. Parket á gólfum og útgangur úr stofu á suðursvalir. Íbúðin er almennt í góðu ástandi og var mikið endurnýjuð fyrir um 15 árum. Falleg sameign. Laus 1. mai. **Verð 41,9 milljónir. Opið hús í dag frá kl. 17:15 - 17:30. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**




**Kópavogstún 3 - glæsileg ný 3ja. Opið hús.**
Stórglæsileg ný 3ja herbergja íbúð í vönduðu lyftuhusi ásamt stæði í bílageymslu, hús fyrir 60+. Íbúðin er fullbúin með vönduðum innréttingum og parketi á gólfi. Yfirbyggðar um 10 fm svalir í suður. Innbyggð uppþvottavél og ísskápur fylgir með.
**Verð 49,0 milljónir. Opið hús nk miðvikudag 8 mars frá kl. 17:15 - 17:45. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**




**Lynghagi 10, 4ra herbergja ris - OPIÐ HÚS**
Falleg fjögurra herbergja íbúð á efstu hæð. Þrjú góð svefnherbergi, opið eldhús inn í stofu, nýlega uppgert baðherbergi og suður svalir með frábæru útsýni. Stuttur afhendingartími.
**Eignin verður sýnd í opnu húsi í dag kl. 17:15 - 17:45.**
**Frekari upplýsingar veitir Brynjólfur S: 896-2953.**




**Holtsvegur 41 - glæsileg ný 4ra. Opið hús.**
Glæsileg um 181 fm 4ra herb. íbúð (0301) á þriðju hæð í lyftublokk. Stórar svalir sem má loka, þrjú góð svefnherbergi, tvö baðherbergi og sér bílskúr með stórri geymslu í bílakjallara. Vandaður frágangur. Íbúðin er laus laus strax. **Verð 64,9 millj.**
**Opið hús á morgun frá kl. 18-18:30.**
**Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur S: 896-2953.**




**Melgerði 29 - góð 2ja í Kópavogi. opið hús**
Tveggja herbergja íbúð, um 54 fm, vel staðsett, á Kársnesi með sér inngangi. Þvottahús og geymsla innan íbúðar.
**Verð 29,9 millj. Eignin verður sýnd í opnu húsi á morgun þriðjudag frá kl. 17:30 -18:00.**
**Allar frekari upplýsingar veitir Jón, 777-1215.**



**Breiðvangur Hfj – frábær fjölskylduíbuð.**
Björt og rúmgóð um 190 fm efri sérhæð ásamt 33 fm bílskúr í tvíbýlishúsi. Björt suðurstofa með arni og útgangi á bjartar svalir. Stórt sjónvarpsherbergi og fimm svefnherbergi, mögulega sex. Parket á öllum gólfi, tvö baðherbergi. Fullbúinn bílskúr og góð lóð í rækt. **Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**



**Grensásvegur - skrifstofuhæð til leigu.**
Til leigu um 157 fm nýlega endurgerð skrifstofuhæð ásamt 27 fm fundarherbergi. Hægt að leigja saman eða í sitthvoru lagi. Skrifstofuhæðin er með þrem skrifstofum og stóru opnu rými ásamt móttöku og eldhúsi. Næg bílastæði. Laust strax. **Frekari upplýsingar veitir Bogi, 699-3444.**



**Hörðukór - glæsileg efsta hæð með útsýni.**
Einstök útsýnisíbúð við, alls 197 fm með tvennum suður svölum og stæði í bílageymslu. Íbúðin er sérlega vönduð og er með þrem herbergjum, tveim baðherbergjum og stórum stofum. Frábært útsýni í suður, austur og vestur. **Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

**Vegna mikillar sölu að undanförnu vantar okkur allar stærðir og gerðir eigna á söluskrá.**

**Skoðum og metum samdægurs.**

**Raðhús á sunnanverðu Seltjarnarnesi**
**um 250 fermetrar að stærð á einstökum útsýnisstað**

**Þingholtin**
**Stórglæsilegt um 500 fermetra algjörlega endurnýjað einbýlishús**

**Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í netfanginu gtj@fastmark.is**

### *Hæðarbyggð 3 - Garðabæ.*




**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Fallegt og þó nokkuð endurnýjað 294,3 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 57,3 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr á útsýnisstað í Garðabæ. Fjögur rúmgóð barnaherbergi, stórt eldhús með kamínu, glæsileg stofa með fallegu útsýni og stórum arni, hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi innaf. Hús að utan í góðu ástandi og falleg ræktuð lóð með veröndum til suðurs og hellulagðri innkeyrslu og stéttum með hitalögnum undir. Útidyrahurðir í húsinu eru allar nýlegar og úr harðviði. **Eignin er laus til afhendingar nú þegar.**

**Verð 99,0 millj.**

### *Vesturgata 44.*



Fallegt 150,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris auk séríbúðar í kjallara.

Húsið er byggt árið 1882 og stendur á 498,0 fm. eignarlóð. Upprunlegir bitar í loftum og fallegar innihurðir. Gluggasetning, loftlistar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Tvær rúmgóðar stofur með gluggum til suðurs og er möguleiki að nýta aðra sem þriðja svefnherbergið.

Frábær staðseting miðsvæðis í borginni.

**Verð 67,9 millj.**

### *Hjallasel – endaraðhús. Góðar leigutekjur.*



238,0 fm. endaraðhús sem er tvær hæðir og ris ásamt innbyggðum 26,0 fm. bílskúr.

Búið er að breyta húsinu í dag þannig að það eru 9 herbergi sem eru öll í útleigu með góðum leigutekjum og í bílskúr er nýbúið að standsetja fallega studíó íbúð sem er einnig í útleigu. Stórar suðursvalir út af efri hæð.

Lóðin er gróin og falleg með miklum trjágróðri og hellulagðar stéttar fyrir framan hús.

**Verð 67,5 millj.**

### *Sogavegur. Neðri sérhæð.*



Vel skipulögð 6 herbergja 206,3 fm. neðri sérhæð að meðtöldum 73,5 fm. bílskúr í þríbýlishúsi.

Eignin skiptist í forstofu, hol, svefngang, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, búr/geymsla (teiknað sem gestasalerni og lagnir til staðar), eldhús, borðstofu og stóra stofu. Suðursvalir eru út frá stofu/borðstofu. Húsið hefur verið múrviðgert og málað á suður- og hluta til vesturhlið. Bílskúrinn er mjög stór á tveimur hæðum með vörulyftu. Auk þess er um 50 – 60 fm. óskráð rými í kjallara.

### *Laugavegur. 4 – 5 herbergja íbúð - sérinngangur.*



Mikið endurnýjuð 4-5 herbergja 129,7 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 21,9 fm. sér geymslu í kjallara.
Íbúðin er með sérinngangi, mikið endurnýjuð og afar sjarmerandi þar sem hluti upprunalegra gólfefna, viðarbita og veggja hafa fengið að halda sér. Auk þess hafa raflagnir og rafmagnstafla verið endurnýjuð.

**Verð 69,9 millj.**

### *Öldugata. Efri hæð og ris auk bílskúrs.*



4ra herbergja 72,7 fm. efri hæð auk um 30,0 fm. riss og 29,0 fm. bílskúrs, samtals 131,7 fm. á frábærum stað við Öldugötu.

Allt gler og gluggar á 2. hæðinni og í bílskúr er nýtt. Á hæðinni eru forstofa, hol, baðherbergi, eldhús, stofa, svefnherbergi, stofa og herbergi innaf stofu. Í risi eru rúmgott herbergi, geymsla og þvottaherbergi. Mögulegt væri að lyfta þaki og setja kvisti og myndi íbúðin stækka verulega við þá framkvæmd.

Bílskúr var nýlega innréttaður sem stúdíóíbúð.

**Verð 59,9 millj.**





# LANGALÍNA 20 - 28, SJÁLANDI GARÐABÆ

## NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.
## MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

**Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.**

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**
**Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**





# LUNDUR 5 – KÓPAVOGI

## NÝTT OG GLÆSILEGT FJÖLBÝLISHÚS

**Glæsilegt 11 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 5 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja frá 120,5 fermetrum upp í 194,4 fermetra og verða afhendar með vönduðum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í maí / júní 2017.**

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**




## *Stóragerði 9. Neðri sérhæð ásamt bílskúr.*

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Afar falleg 164,5 fm. neðri sérhæð að meðtöldum 28,1 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað. Eignin skiptist í forstofu, svefngang, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, borðstofu og stóra stofu. Suðursvalir eru út frá stofu. Mjög gott skipulag og stórir gluggar sem hleypa inn góðri birtu. Húsið var múrviðgert og málað fyrir þremur árum síðan. Búið er að endurnýja m.a. gólfefni, baðherbergi og tæki í eldhúsi.

**Verð 63,9 millj.**




## *Víðimelur 56. Parhús.*

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulagt 156,2 fm. parhús á tveimur hæðum auk kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Tvennar suðursvalir. Fimm herbergi. Tvær samliggjandi stofur. Gengið af neðri svölum niður á rúmgóðan afgirtan sólpall til suðurs. Eignin stendur á 332,3 fm. lóð, sem er vel hirt og afgirt með skjólgirðingu. Hellulögð bílastæði eru fyrir framan húsið og rúma þau 3-4 bifreiðar.

**Virkilega falleg og vel skipulögð eign á frábærum stað.**

**Verð 79,9 millj.**

## *Stigahlíð 8. 3ja herbergja íbúð með suðursvölum.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Björt og vel skipulögð 83,6 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í kjallara á þessum eftirsótta stað við Stigahlíð.

Svalir til suðurs. Stofan er nýtt bæði sem borðstofa og setustofa og er nóg pláss til þess. Fallegar uppgerðar innréttingar í eldhúsi. Tvö rúmgóð herbergi.

Gler og gluggar eru í góðu ástandi og raflagnir og tafla hafa verið endurnýjuð.

**Verð 37,5 millj.**

## SJÁLAND GARÐABÆ

**2ja – 3ja herbergja íbúð óskast gegn staðgreiðslu.**

## *Skúlagata 40A – 3ja herbergja – 60 ára og eldri.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 87,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt sér stæði í lokaðri bílageymslu við Skúlagötu.

Íbúðin er í húsi fyrir 60 ára og eldri sem eru í félagi eldri borgara. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, þvottaherbergi, sjónvarpshol, eldhús, tvö herbergi og baðherbergi.

Snyrtileg sameign.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 40,9 millj.**

## *SUMARHÚS*

### VATNSENDAHLÍÐ - SKORRADAL



Mjög fallegt 84,1 fm. sumarhús í landi Vatnsenda í Skorradal ásamt 21,3 fm. bátaskýli. Bústaðurinn stendur á steyptum stöplum og er allur hinn vandaðasti. Útsýnis nýtur yfir Skorradalsvatn og fjallahringinn. Miklar verandir og heitur pottur er á verönd með skjólveggjum úr gleri svo útsýni skerðist ekki. Lóðin er leigulóð 2.619,0 fm. að stærð.

**Bústaðurinn selst með eða án bátaskýlis.**

## *Jöklasel 23 – 3ja herbergja íbúð – sérinngangur*




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg 104,2 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í Seljahverfinu.

Stór suðvestur verönd og sérgarður. Íbúðin er þó nokkuð endurnýjuð m.a. er búið að endurnýja eldhús, flesta ofna og hluta af gólfefnum.

Geymsla og þvottaherbergi innan íbúðar. Sameign mjög snyrtileg.

**Verð 36,9 millj.**

## *SUMARHÚS*

### EIGNARLÓÐ Í LANDI VAÐNESS, GRÍMSNESI.



28,8 fm. sumarbústaður við Hvítárbraut í landi Vaðnes í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er eignarlóð 8.900 fm að stærð. Stærð lóðarinnar gefur tilefni til að hægt væri að reisa annan bústað á lóðinni og núverandi bústaður þá nýttur undir gestahús. Á lóðinni eru auk sumarbústaðarins um 6 - 8 fermetra upphitað timburhús þar sem innréttað er lítið gestaherbergi með vaski og geymsla/inntaksherbergi. Timburverönd er við það hús með heitum potti og útisturtu. Einnig er lítið barnahús/dúkkuhús, óupphitað.

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali*
**Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*
**Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri*
**Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali*
**Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari*
**Reynir Björnsson** *Hagfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali*
**Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.*
**G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali*
**Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.*
**Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri*
**Elín Þorleifsdóttir** *Ritari*
**Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari*
**Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## GOÐALAND 17, 108 REYKJAVÍK








Fallegt og vel staðsett 202 fm endaraðhús á einni hæð, þar af er bílskúr 22,5 fm. Húsið er teiknað af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt og er staðsett neðarlega í Fossvogsdalnum, innst í götu og með stórum suðurgarði með timburverönd, hellulögðum stígum og skjólveggjum. Bílastæði eru við húsið en bílskúr er í lengju aðeins frá húsi. **Opið hús þriðjudaginn 7. mars milli 17:15 og 17:45.** **V. 83,9 m.**

## HVERAFOLD 136, 112 REYKJAVÍK






Glæsilegt um 260 fm einbýlishús í Foldahverfi Grafarvogi. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og stórum fallegum garði. Stofa og borðstofa. Þrjú herbergi en möguleiki á allt að fimm herbergjum. Garður með stórri verönd og heitum potti. Innkeyrsla að bílskúr með hitalögn. Afar falleg eign í grónu hverfi með útsýni yfir Grafarvoginn. Stutt í alla helstu þjónustu s.s. skóla, leikskóla og íþróttaaðstöðu. **Opið hús mánudaginn 6. mars milli 17:15 og 17:45.** **V. 89,9 m.**

## VATNSSTÍGUR 15, 101 REYKJAZVÍK





Glæsileg 217,5 fm íbúð á tveimur efstu hæðum við Vatnsstíg 15 í Skuggahverfinu. Íbúðin er öll hin vandaðasta. Arinn í stofu. Fernar svalir. Mikið útsýni. Eignin skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, þrjú herbergi, eldhús, tvö baðherbergi, fataherbergi og þvottahús. Tvö stæði í bílageymslu fylgja íbúðinni. Eign í sérflokki. **Nánari uppl. veitir Reynir Björnsson lg. fast.sali s: 895 8321, reynir@eignamidlun.is.**

## SKELJATANGI 30, 270 MOSFELLSBÆR






Falleg 4ra herbergja 94,3 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist m.a. í stofu og þrjú herbergi. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhúsinnrétting og fl. Húsið stendur innst í botnlanga og er umhverfið barnvænt. Góð staðsetning, stutt í leikskóla, skóla, sundlaug og líkamsrækt.
**Opið hús mánudaginn 6. mars milli 17:15 og 17:45.** **V. 42,9 m.**

## VESTURGATA 71
### 101 REYKJAVÍK




Fallega 3ja - 4ra herbergja 115,8 fm íbúð á 2. hæð á frábærum stað við Vesturgötu 71 í Reykjavík. Fallegt útsýni til vesturs út á Faxaflóa. Íbúðin er sérstaklega vel staðsett, stutt er í alla helstu þjónustu s.s. leik- og grunnskóla, íþróttaaðstöðu, verslanir og miðbæ Reykjavíkur. **Opið hús mánudaginn 6. mars milli 17:00 og 17:30.** **V. 44,9 m.**

## BERGÞÓRUGATA 7
### 101 REYKJAVÍK




Höfum fengið í sölu eignina við Bergþórugötu 7. Um er að ræða íbúð á tveimur hæðum með sér inngang á báðum hæðunum. Möguleiki að nýta sem tvær einingar. Eignin er skráð 108,3 fm. Góður garður er aftan við hús. Eign sem gefur mikla möguleika. **Opið hús mánudaginn 6. mars milli 12:15 og 12:45.** **V. 55 m.**

## Lambhagavegur 11 – Lóð 113 Reykjavík

Til sölu hornlóð fyrir atvinnuhúsnæði á besta stað með miklu auglýsingagildi við Lambhagaveg 11.

Lóðin er með góðu aðgengi við stofnæð. Byggja má hús frá 4.522 til allt að 5.900 fm með geymslu og kjallararýmum. Búið er að greiða gatnagerðargjöld fyrir 4.522 fm byggingu. Verð 221 millj.

Einnig er hægt að fá tilboð í hús á lóðina sem afhent væri með fullfrágenginni lóð, hús fullbúið að utan en fokhelt að innan.

**Nánari uppl. veitir Hilmar Þór Hafsteinsson lg. fasteignasali s: 824-9098, hilmar@eignamidlun.is**

## SKÓGARÁS 12
### 110 REYKJAVÍK



Einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Skógarás í Árbæjarhverfi. Birt stærð hússins er 234,6 fm. Húsið þarfnast einhverra lagfæringa. Fjögur svefnherbergi. Góður garður. Laust við kaupsamning. **Bókið skoðun hjá: Þórarni M. Friðgeirssyni lg.fs, s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is eða Brynjari Þ. Sumarliðasyni aðst.m. fast.sala s: 896 1168. V. 73 m.**

## DRANGAKÓR 1
### 203 KÓPAVOGUR



Glæsilegt um 270 fm parhús á tveimur hæðum á frábærum stað í Kórahverfi. Sérsmíðaðar innréttingar og frágangur til fyrirmyndar að innan sem utan. 3 baðherbergi og allt að 7 svefnherbergi. Eignin er með heitum potti á neðri hæð. Glæsilegur og vel frágenginn garður á nokkrum pöllum. **V. 87,5 m.**

## LEIRUTANGI 21B
### 270 MOSFELLSBÆR



Til sölu er 92,5 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi við Leirutanga í Mosfellsbæ. Sér inngangur. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, herbergi og rými sem er glugglaust sem er nýtt sem herbergi, þvottahús og geymsla. Stofa með útgangi út í garð. **Bókið skoðun hjá: H. Daði Hafþórssyni aðst.manni fast.sala s: 824 9096, dadi@eignamidlun.is eða Gunnari J Gunnarsson lg. fast. sala s: 695 2525. V. 33,3 m.**

## VEFARASTRÆTI 7-11, MOSFELLSBÆ





**Glæsilegar nýjar íbúðir við Vefarastræti 7-11 í Helgafellshverfi.**

Um er að ræða 3ja hæða lyftuhús. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna. Innréttingar eru frá HTH. Bílastæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðunum.

**Íbúðirnar verða afhentar í janúar 2018.**

**Sjá inná eignamidlun.is.**

**Einungis fjórar íbúðir eru eftir, 4-5 herbergja.**

**Verð frá 44,9 millj.**




**Nánari upplýsingar veitir:**
**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-5464
gudlaugur@eignamidlun.is


## MIÐTÚN 16, 400 ÍSAFJÖRÐUR







Fallegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Miðtún á Ísafirði. Eignin er skráð 265,3 fm. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, fimm rúmgóð herbergi og tvö baðherbergi. Fallegt útsýni til austurs út á fjörðinn.Húsið er einstaklega vel staðsett. Stutt er í alla helstu þjónustu s.s. verslanir, skóla og útivistarsvæði.
**Nánari uppl. veita: G. Andri Guðlaugsson lg. fasteignasali s: 662 2705, andri@eignamidlun.is eða Sverrir Kristinsson, sverrir@eignamidlun.is. V. 41,0 m.**

## LINDARGATA 39 - 101 REYKJAVÍK





Ný og glæsileg 3ja herbergja 89,9 fm íbúð á 7. hæð við Lindargötu. Útsýni yfir miðborgina og út á Faxaflóann. Stutt er í iðandi mannlíf, alla helstu þjónustu; verslanir og veitingastaði. Stæði í bílageymslu fylgir.
**Bókið skoðun hjá: Guðlaugi Inga Guðlaugssyni lögg. fast.sala í s: 864 5464, gudlaugur@eignamidlun.is.**
**V. 63,9 m.**

## BYGGINGALÓÐIR

### ÚLFARSÁRDALUR

**Vorum að fá í sölu lóðir undir 12 raðhús í Úlfarsárdal.**
**Teikningar fylgja og búið er að greiða gatnagerðargjöld. Púði kominn undir þrjú hús.**
**Ásett verð 15 millj. pr. hús.**

### KÓPAVOGUR

**Tvær samliggjandi lóðir undir tvö ca 230 fm einbýlishús á einstaklega góðum stað.**
**Hús með möguleika á lítilli íbúðaraðstöðu í kj. Suðurgarður.**
**Teikningar fylgja. Gatnagerðagjöld greidd.**

**Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg. fasteignasali s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**



**OPIÐ HÚS**
**Alla vikuna í hádeginu**
**Milli klukkan 12:15 – 12:45 (mán-föst)**

Glæsilegar íbúðir í Urriðaholti, Garðabæ

# Holtsvegur 37-39

**Ný fjölbýlishús á fallegum útsýnisstað í Urriðaholti í Garðabæ. Um er að ræða vandaðar íbúðir í lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara. Í skjólsælum suðurhlíðum nýtur íbúðabyggðin útsýnis yfir Urriðavatn.**

- Einungis 4 íbúðir eftir
- Stærð íbúða frá 91 til 132 fm
- 3ja til 4ra herbergja íbúðir
- Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum
- Vandaðar innréttingar frá Axis
- Glæsilegt útsýni frá flestum íbúðum
- Verð frá 64,9 millj.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA




**Andri Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
andri@eignamidlun.is
662 2705





**Brynjar Þór Sumarliðason**
*Viðskiptafræðingur og nemi til löggildingar fasteignasala*
brynjar@eignamidlun.is
896 1168





Laugavegur 17 og 19

# Glæsilegar lúxusíbúðir

Íbúðirnar seljast fullbúnar og eru tilbúnar til afhendingar við kaupsamning. Um er að ræða samtals 10 íbúðir en 5 íbúðir eru í hvoru húsi. Hverri íbúð fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu.

Hver íbúð er í raun einstök. Íbúðirnar eru hannaðar af Minimum ehf., Guðbjörgu Magnúsdóttur, innanhúsarkitekt.

**Staðsetningin er einstök og í tengslum við nýtt og fallegt torg. Flestir bestu veitingastaðir bæjarins í göngufæri og tengjast húsin nýjasta og einu glæsilegasta hóteli landsins ásamt verslunum og veitingastöðum.**





NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA




**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464 / 588 9090





**Reynir Björnsson**
*Löggiltur fasteignasali og hagfræðingur*
reynir@eignamidlun.is
895 8321 / 588 9090

# FOLD FASTEIGNASALA

*Laugavegur 170 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson** viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson** lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir** lögg. fast.
kristin@fold.is
**Rakel Viðarsdóttir** viðskiptalögfr.
rakel@fold.is
**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132

## Asparholt 5, Álftanesi - Gbæ.
**OPIÐ HÚS MÁNUD. 6.3 KL. 16:30-17**




96,1 fm. íbúð á annarri hæð með sérinngangi í nýlegu húsi á frábærum stað á Álftanesi.

Skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, opið eldhús ásamt þvottahúsi og vinnuherbergi/geymslu innan íbúðar.

**Verð 38,9 millj.**

**Verið velkomin í opið hús mánudaginn 6.3 kl. 16:30-17.**

## Rauðalækur 53, 2ja herbergja.
**OPIÐ HÚS ÞRI 7.MARS KL.16:15-17:00**




Rauðalækur 53, 105 Reykjavík: 1.hæð til vinstri.

Góð 64,3 fm 2ja herbergja íbúð í litlu fjölbýli á eftirsóknarverðum stað í rótgrónu hverfi. Sérmerkt bílastæði. Parket og dúkur á gólfum. Góðar svalir í suður og vestur.

**Verð 32,5 millj.**

**Opið hús þri 7.mars kl. 16:15-17:00, verið velkomin.**

## Tröllakór 7, 4ra herbergja endaíbúð.
**OPIÐ HÚS MIÐ 8.MARS KL. 16:15-17:00**




Tröllakór 7, 203 Kópavogur: 136,2 fm 4ra herbergja endaíbúð (íbúð 401) með sérinngangi af svölum á efstu hæð í lyftublokk ásamt stæði í bílageymslu.
Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Glæsilegt útsýni. Innréttingar frá Axis.
**Verð 51,5 millj.**

**Opið hús mið 8.mars kl. 16:15-17:00, verið velkomin.**

## Hlégerði 37
**200 KÓPAVOGUR**



140 fm einbýlishús á tveimur hæðum.

Niðri er forstofa, salerni, þvottahús, eldhús, stofa og borðstofa.

Uppi eru 4 svefnherbergi, baðherbergi og geymsla.

Laus við kaupsamning.

Nánari upplýsingar á skrifstofu.

## Barmahlíð
**3JA HERBERGJA - LAUS**



Ca. 79 fm. kjallaraíbúð á frábærum stað í Hlíðunum.

Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og bað.

Laus við kaupsamningsgerð.

Hafið samband við sölumenn Foldar og við sýnum ykkur eignina þegar ykkur hentar.

## Mávahlíð
**3JA HERBERGJA - LAUS**



Rúmlega 80 fm. íbúð á frábærum stað í Hlíðunum.

Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherb., eldhús og bað.

Laus við kaupsamning.

Lyklar á skrifstofu.

Vinsamlegast bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.

## Safamýri
**5 HERBERGJA JARÐHÆÐ/KJALLARI**



Ca. 110 fm. falleg litið niðurgrafin kjallaraíbúð á rólegum, góðum stað í Safamýri. Skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi ásamt sérgeymslu og sameiginlegu þvottahúsi á hæðinni. Eignin er laus við samning.
Bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.

## Breiðvangur 14
**220 HAFNARFJÖRÐUR**



60 fm 3ja herbergja íbúð á 4.hæð (efstu) í ágætu fjölbýli í Norðurbænum. Mikið útsýni . Parket og dúkur á gólfum.
Laus við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

## Samtún 22
**105 REYKJAVÍK**



47 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara, sérinngangur.
Parket og flísar á gólfum. Sameiginlegt þvottahús á sömu hæð.
Laus við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

## Samtún 20
**105 REYKJAVÍK**



60 fm 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum.
Íbúðin þarfnast lagfæringar. Sameiginlegur inngangur.
Laus við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

**Þú finnur okkur á fold.is**




**Stofnað 1983**

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

Framúrskarandi fyrirtæki 2015-2016

**Magnús Emilsson lögg. fasteignasali**
**Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali**
**Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali**
**Guðbjörg Guðbjörnsdóttir lögg. fasteignasali**
**Víglundur Helgason sölumaður**
**Helgi Jón Harðarson sölustjóri**
**Hilmar Þór Bryde sölumaður**
**Hlynur Halldórsson sölumaður**
**Hildur Loftsdóttir skrifstofa**

## BRATTAGATA – REYKJAVÍK - GISTIHEIMILI



Hraunhamar kynnir: Nýkomið í einkasölu sérlega falleg og virðuleg húseign á þremur hæðum. Húsið er samtals 325,7 fm og er innréttað sem nokkrar íbúðir í útleigu/gistiheimili. Einstök húseign að mörgu leyti með bílastæði fyrir allt að 5-6 bíla á þessum vinsæla stað í Grjótaþorpinu í göngufæri við miðbæ Reykjavíkur.
**Verðtilboð. Allar upplýsingar gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 helgi@hraunhamar.is**

## BÆJARHRAUN - HAFNAFJ. - 38 STÚDÍÓ ÍBÚÐIR!



Til sölu á þremur hæðum 1275 fm á besta stað í bænum, hótel/gistiheimili þ.e.a.s. 38 stúdíó íbúðir. Tvær gerðir með eldhúsi og baðherbergi í hverju herbergi/stúdíó íbúð. Eignin er á þremur hæðum, vörulyfta. Stúdíó íbúðirnar eru allar í útleigu. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu ofl.
**Allar upplýsingar gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 helgi@hraunhamar.is**

## LAXÁRBAKKI – HVALFJ. SVEIT – FERÐAÞJÓNUSTA-



Hraunhamar kynnir Laxárbakka ferðaþjónustu fyrirtæki sem býður upp á gistingu og veitingar allt árið. Góð staðsetning við þjóðveg 1 og aðeins 12 km frá Akranesi. Stutt er í alla helstu ferðamannastaði á suðvesturlandi og einstakt fuglalíf, góðar gönguleiðir í nágrenninu. Mjög góð aðstaða er í veislusalnum fyrir allskyns veislur. Laxárbakki er frábær staður til að njóta norðurljósanna. Ferðaþjónustan á Laxárbakka býður upp á gistingu í 12 glæsilegum stúdíó-íbúðum fyrir allt að 31 manns og 6 svefnherbergi í gistihúsi fyrir allt að 14 manns. Stór veitingastaður er á staðnum sem tekur allt að 100 manns í sæti.

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR**
B.E.d.
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2495


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


**GUÐMUNDUR H. VALTÝSSON**
Viðskiptafræðingur B.Sc.,
Löggiltur fasteignasali


**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON**
Lögfræðingur,
Aðstm. fasteignasala
GSM 660 4777


**HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR**
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242


**EDWIN ÁRNASON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121


**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Skrifstofustjóri,
Aðstm. fasteignasala
GSM 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
Rekstrarhagfræðingur
Aðstm. fasteignasala
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314

## SKÓGARVEGUR 12-14, 108 REYKJAVÍK




OPIÐ HÚS alla virka daga milli kl. 12 og 13. Jóhanna Íris Sigurðardóttir er á staðnum, sími 662-1166 eða johanna@stakfell.is Þriggja herbergja íbúðir á milli 110 og 120 m² og fjögurra herbergja í kringum 160 m², allar íbúðir með geymslu og stæði í bílakjallara. Fallegar innréttingar frá HTH.

## ÁSVALLAGATA 31, 101 REYKJAVÍK — 42.9M




OPIÐ HÚS miðvikudaginn 8. mars. kl. 17:30-18:00. Sérlega falleg þriggja herbergja risíbúð, 80,1 m² með geymslu í kjallara. Stofa, stórt hjónaherbergi, gott barnaherbergi, eldhús með upprunalegri innréttingu í góðu ástandi.

## GYÐUFELL 2, 111 REYKJAVÍK — 28.8M




OPIÐ HÚS mánudaginn 6. mars. kl. 17:30-18:00.
Þriggja herbergja 77.1 m² íbúð á annarri hæð í fjögurra hæða fjölbýlishúsi við Gyðufell 2, 111 Reykjavík.

## SKÚLAGATA 40, 101 REYKJAVÍK — 51.9M




OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7. mars. kl. 17:30-18:00. Eign fyrir 60 ára og eldri. 3ja herbergja 101,1 m² íbúð á fimmtu hæð í tíu hæða fjölbýlishúsi með lyftu. Íbúðinni fylgir stór og góður 42,9 m2 bílskúr.

## HÁALEITISBRAUT 17, 108 REYKJAVÍK — 35.9M




**Markahæstar:** Ester Óskarsdóttir 8, Sandra Erlingsdóttir 6, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 4 - Diana Satkauskaite 6, Kristín Guðmundsdóttir 5.

**Haukar - Selfoss 29-23**
**Markahæstar:** Maria Pereira 10, Ramune Pekarskyte 8, María Karlsdóttir 4 - Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 8, Hulda Dís Þrastardóttir 6.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 29 | Valur | 16 |
| Stjarnan | 27 | Grótta | 15 |
| Haukar | 18 | Selfoss | 8 |
| ÍBV | 17 | Fylkir | 6 |

**Olís-deild karla**

**FH - Akureyri 29-28**
**Markahæstir:** Einar Rafn Eiðsson 8/2, Jóhann Birgir Ingvarsson 6, Óðinn Þór Ríkharðsson 4 - Mindaugas Dumcius 7, Kristján Orri Jóhannsson 6/3, Bergvin Gíslason 6.

**Afturelding - ÍBV 24-31**
**Markahæstir:** Árni Bragi Eyjólfsson 9/5, Elvar Ásgeirsson 6 - Theodór Sigurbjörnsson 12/3, Róbert Aron Hostert 7, Agnar Smári Jónsson 3, Sigurbergur Sveinsson 3.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 28 | Selfoss | 17 |
| Haukar | 28 | Grótta | 15 |
| ÍBV | 25 | Fram | 15 |
| Afturelding | 25 | Stjarnan | 15 |
| Valur | 21 | Akureyri | 15 |

**Fjölnir upp í Olís-deildina**
Fjölnir, undir stjórn Arnars Gunnarssonar, komst um helgina upp í Olís-deildina en liðið hefur unnið alla 17 leiki sína í 1. deild.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | **Njarðvík - ÍR** | Sport 2 |
| 19.50 | **West Ham - Chelsea** | Sport |
| 22.00 | **Messan** | Sport |

**Domino's-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **Keflavík - Þór Ak.** | TM-höllin |
| 19.15 | **Njarðvík - ÍR** | Njarðvík |

**Olísdeild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.30 | **Valur - Stjarnan** | Valshöllin |
| 19.30 | **Grótta - Selfoss** | Hertz-höllin |
| 19.30 | **Fram - Haukar** | Framhús |

# MISMUNDANDI MÓTHERJAR GERA MÓTIÐ SKEMMTILEGT Í ÁR

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta verður aftur í sviðsljósinu á Algarve-mótinu í dag þegar stelpurnar okkar mæta Spánverjum í lokaleik sínum í riðlinum. Leikur Íslands og Spánar hefst klukkan 14.45 að íslenskum tíma.
Ísland hefur eitt stig í riðlinum en er að fara að mæta liði Spánverja sem hefur unnið tvo fyrstu leiki sína á mótinu. Spánn vann meðal annars 3-0 sigur á Noregi í síðasta leik og það þrátt fyrir að spila manni færri í heilan hálfleik.
„Ég mun gera einhverjar breytingar. Nú fengum við reyndar tvo daga í hvíld og það munar um það. Ég geri breytingar á liðinu en verð samt með eins sterkt lið og við mögulega getum,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska liðsins.
„Við erum að leita eftir svörum og reyna að bæta okkur. Við viljum líka forðast meiðsli. Við getum ekki forðast svona slys eins og varð í fyrsta leiknum en við getum forðast það að lenda í vöðvatognunum. Við erum líka að hugsa um það að við erum bara á miðju undirbúningstímabili heima á Íslandi,“ sagði Freyr.
Spænska liðið hefur sýnt það í fyrstu tveimur leikjunum að þar fer lið sem getur gert flotta hluti á Evrópumótinu í sumar. „Þær eru með hrikalega gott sendingalið en það verður mjög gaman að fá að spila við Spánverjana og sjá hvernig þær henta okkur. Þetta er mjög skemmtilegt mót í ár út frá mismundandi andstæðingum,“ sagði Freyr. Íslenska liðið gerði 1-1 jafntefli við Noreg í leik sem Freyr lýsti sem stríðsleik með endalaust af návígum. Liðið tapaði síðan fyrir Japan á föstudaginn þar sem Sara Björk Gunnarsdóttir lék sinn hundraðasta landsleik.
„Þetta er í tíunda skiptið sem ég er á Algarve. Þetta mót er alltaf góður undirbúningur fyrir okkur, bæði fyrir komandi stórmót en líka til að sjá hvar leikmenn eru staddir og hvernig við erum að spila á móti þessum stórþjóðum sem eru á þessu móti,“ segir Sara Björk og bætti við.
„Það er stórt ár fram undan og allar eru að æfa rosalega vel. Það vilja líka allar sýna sig og sanna sig. Freyr gefur öllum tækifæri til þess. Þetta er samt bara undirbúningur fyrir EM en allt sem skiptir máli verður á EM,“ sagði Sara. **– óój**



**Sara Björk Gunnarsdóttir spilar væntanlega landsleik númer 101 í dag.**



**Anita Östlund í æfingum sínum í Egilshöllinni í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# AGNES DÍS EFST ÍSLENDINGA

**SKAUTAR** Hin ítalska Carolina Kostner tryggði sér gullverðlaunin í kvennaflokki á Norðurlandamóti á listhlaupi á skautum sem fór fram á Íslandi í ár og lauk í Egilshöllinni í gær en mótið var opið alþjóðlegt mót. Kostner er bronsverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum 2014 en hún hafði betur í baráttunni við hina rússnesku Elizaveta Tuktamysheva sem varð heims- og Evrópumeistari árið 2014. Anita Östlund frá Svíþjóð varð þriðja og efst Norðurlandabúa.
Frakkinn Chafik Besseghier vann gullverðlaun í karlaflokki en hann varð nýverið í 9. sæti á Evrópumeistaramótinu. Ondrej Spiegl frá Svíþjóð varð annar og Eistinn Daniel Albert Naurits þriðji.
Enginn íslenskur keppandi var með í fullorðinsflokki á mótinu í ár en bestum árangri í unglingaflokki náði Agnes Dís Brynjarsdóttir sem varð ellefta. Eva Dögg Sæmundsdóttir varð síðan í næsta sæti á eftir henni (12. sæti) en þær Kristín Valdís Örnólfsdóttir (18. sæti) og Emilía Rós Ómarsdóttir (19. sæti) voru næstar þeim. **- óój**

# MAGNÚS OG KOLFINNA BEST

**BORÐTENNIS** Víkingurinn Magnús K. Magnússon og HK-ingurinn Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, urðu í gær Íslandsmeistarar í borðtennis. Magnús K. Magnússon varð Íslandsmeistari í þriðja sinn á síðustu fjórum árum en þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill Kolfinnu.
Magnús vann Kára Mímisson úr KR í úrslitaleiknum sem fór 4-0 fyrir Magnús. Íslandmeistarinn frá því í fyrra, Daði Freyr Magnússon, tapaði í undanúrslitum á móti Kára Mímissyni. Magnús vann tvö fyrstu árin eftir að Guðmundur E. Stephensen hætti, eftir tuttugu ára sigurgöngu, en Magnús missti titilinn aftur í fyrra. Sigurganga Víkinga hefur hins vegar verið óslitin frá árinu 1994 þegar Guðmundur vann í fyrsta sinn.
Kolfinna Bjarnadóttir vann Aldísi Rún Lárusdóttur úr KR í úrslitaleiknum hjá konunum. Aldís Rún var á palli í öllum flokkum en hún fékk gull í tvenndarleik og silfur í tvíliðaleik.
Þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill hennar í einliðaleik en Kolfinna varð einnig Íslandsmeistari í tvenndarleik 2016 og tvíliðaleik 2015. **– óój**



**Magnús K. Magnússon og Kolfinna Bjarnadóttir með Íslandsmeistarabikarana í gær.**




Þarfnast þú meiri orku?

## Orkulausnir Heilsuborgar

Námskeiðið er sniðið fyrir þá sem vilja koma á reglulegri hreyfingu og vinna með sitt innra og ytra jafnvægi. Öll þjálfun er undir handleiðslu sjúkraþjálfara, sem kenna rétta líkamsstöðu og líkamsbeitingu. Áhersla er lögð á að þátttakendur þekki eigin mörk og læri að fara ekki fram úr sjálfum sér. Þjálfun er ævinlega miðuð við getu hvers og eins og vikulega er leidd slökun í lok tíma.

Í upphafi námskeiðs fara þátttakendur í einstaklingsviðtal við sjúkraþjálfara.

**Fyrir hverja:** Námskeiðið hentar körlum og konum sem glíma við orkuleysi og einnig þeim sem hafa glímt við vefjagigt eða vilja byggja upp orku eftir veikindi.

**Hvenær:** Ný 8 vikna námskeið hefjast 7. mars, bæði grunn- og framhaldsnámskeið.

HEILSUBORG
Árangur sem endist

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

# Greindir karlmenn þurfa ekkert að vera í felum

**Stuðningshópurinn Frískir menn hafa gefið út bækling fyrir þá sem eru nýbúnir að greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein. Þar er leitast við að svara spurningum en fjórir karlmenn greinast að meðaltali í hverri viku. Forsvarsmaður hópsins segir enga ástæðu að fara í felur.**



Þráinn Þorvaldsson, forsvarsmaður hópsins Frískir menn. MYND/ÞRÁINN ÞORVALDSSON

Mottumars er hafinn og er átak Krabbameinsfélagsins nú helgað reykingum þó öll krabbamein karla séu einnig til umfjöllunar. Algengasta krabbamein karla er blöðruhálskirtilskrabbamein (BHKK) en að meðaltali greinast um fjórir karlmenn með BHKK í hverri viku. Þriðjungur þeirra sem greinast með krabbamein eru greindir með BHKK.

Stuðningshópurinn Frískir menn, sem starfar innan Krabbameinsfélagsins, var stofnaður fyrir þremur árum. Í honum eru karlmenn sem hafa greinst með BHKK en velja virkt eftirlit í stað þess að fara í meðferð. Sé meinið staðbundið er hægt að fylgjast með viðkomandi og veita ekki meðferð nema sjúkdómurinn ágerist.

Þráinn Þorvaldsson, forsvarsmaður hópsins, segir að hann sé einstakur á heimsvísu því hann sé fyrsti stuðningshópurinn í heiminum sem vitað er um að hafi verið stofnaður af mönnum sem velja virkt eftirlit. Allir aðrir stuðningshópar eru fyrir alla menn sem hafa greinst með BHKK. „Þegar ég greindist fyrir 12 árum þá var ekki mælt sérstaklega með að velja virkt eftirlit. En nú er þetta að verða viðurkenndari aðferð og reynslan af henni er mjög góð. Það hefur komið í ljós að alltof margir menn hafa farið í meðferð að óþörfu.“

> **Það eru til dæmi um að karlmenn hafi ekki sagt maka sínum frá því að þeir hafi verið greindir. Bæklingurinn á að hjálpa við að svara spurningum sem koma upp.**
>
> Þráinn Þorvaldsson



**Karlmenn eru með blöðruhálskirtil, ekki konur. Mikilvægasta hlutverk blöðruhálskirtilsins er að framleiða sáðvökva sem flytur sæðisfrumur.** MYND/ KRABBAMEINSFÉLAGIÐ

Þráinn segir að hópurinn hafi átt frumkvæði að útgáfu vefrits sem nýlega kom út og birtist á vef Krabbameinsfélagsins og er fyrir þá karlmenn sem eru nýgreindir með BHKK. „Karlmenn sem greinast eru því miður oft í felum. Það eru til dæmi um að karlmenn hafi ekki sagt maka sínum frá því að þeir hafi verið greindir. Bæklingurinn á að hjálpa við að svara spurningum sem koma upp,“ segir Þráinn sem, ásamt Sigurði Skúlasyni hafði forgöngu um útgáfu bæklingsins.

Velunnarasjóður Krabbameinsfélagsins styrkti útgáfuna og þýddi Þórunn M. Lárusdóttir hjúkrunarfræðingur efnið sem gefið var út af samtökunum Prostate Cancer í Bretlandi.

**benediktboas@365.is**

## Merkisatburðir

**1626** Húgenottar sömdu frið við frönsku krúnuna í La Rochelle.
**1819** Borgin Singapúr hóf uppbyggingu sína fyrir tilstilli Sir Thomas Stamford Raffles.
**1826** Bruni á Möðruvöllum í Hörgárdal. Auk þriggja húsa brann mikið af skjölum í eldinum.
**1869** - Dmitri Mendelejev kynnti lotukerfið í fyrsta sinn.
**1873** - Við Vestrahorn við suðausturströnd Íslands fórust fimmtán franskar skútur og rak tugi líka á land. Margir Frakkar voru jarðsettir á Stafafelli í Lóni.
**1905** - Fyrsti togarinn í eigu Íslendinga, Coot, kom til Hafnarfjarðar.
**1930** - Fryst matvæli voru seld í fyrsta skipti í Bandaríkjunum
**1940** - Vopnahlé í stríði Finna og Rússa gekk í gildi.
**1957** - Gana lýsti yfir sjálfstæði frá Bretlandi.
**1992** - Tölvuvírusinn Michelangelo hóf að smitast milli tölva.
**1994** - Moldóvar höfnuðu sameiningu við Rúmeníu í þjóðaratkvæðagreiðslu.
**2007** - Fyrrverandi aðstoðamaður Bandaríkjaforseta, I. Lewis Libby, var dæmdur sekur fyrir meinsæri og hindrun réttvísinnar í tengslum við Plame-málið þar sem nafni leyniþjónustumanns var lekið í fjölmiðla.

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Stefánsdóttir**

**Kjartansgötu 16, Borgarnesi,**

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 8. mars kl. 14.00.

**Þorsteinn Auðunsson**
**Ingibjörg Þorsteinsdóttir** — **Arilíus D. Sigurðsson**
**Stefán Þorsteinsson** — **Guðríður Guðjónsdóttir**
**Vigdís Þorsteinsdóttir** — **Ólafur E. Sigurðsson**
**Guðrún Þorsteinsdóttir** — **Jóhann Ó. Jóhannsson**
**Auður Ásta Þorsteinsdóttir** — **Ólafur Þorgeirsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Elskuleg systir okkar, mágkona, frænka og vinur,

**Anna Karólína Konráðsdóttir**

lést að heimili sínu Mýrarási 2, þann 27. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 8. mars kl. 13.00.

**Ingibjörg Ottósdóttir** — **Guðjón Hreiðar Árnason**
**Þórður Gísli Ottósson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Faðir okkar, sonur minn og bróðir,

**Jóhann Vilhjálmur Ólason**

**Gránufélagsgötu 28, Akureyri,**

lést á heimili sínu 16. febrúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 8. mars kl. 13.30.

**Óli D. Jóhannsson**
**Willy Olsen**
**Hulda Jóhannsdóttir**
**Aðalheiður Óladóttir**
**Björg Óladóttir**

---

✝



Frændi okkar,

**Sigurgeir Jónsson**

**frá Gestsstöðum, Hæðargarði 35,**

andaðist 26. febrúar á Droplaugarstöðum. Útför auglýst síðar.

**Bræðrabörnin.**

---

✝



Ástkær móðir mín og tengdamóðir,

**María Kristjánsdóttir**

**Sléttuvegi 21,**

sem lést þann 23. febrúar verður jarðsungin frá Grensáskirkju 7. mars kl. 15.

**Arinbjörn Arnbjörnsson** — **Sigurlaug Kristjánsdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og minningargjafir við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Kristins Siggeirssonar**

**Hörgslandi á Síðu.**

**Ólafía Jakobsdóttir**
**Jakob Kristinsson**
**Sigurður Kristinsson** — **Anna Harðardóttir**
**Soffía Kristinsdóttir** — **Rúnar Þór Bjarnþórsson**
**Gunnlaugur Kristinsson** — **Þórdís Högnadóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jóhannes Elíasson**

**til heimilis að Rauðalæk 37,**

lést á Landspítalanum 18. febrúar síðastliðinn.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við útför hans. Innilegar þakkir til starfsfólks hjartadeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun.

**Gerður Jóhannsdóttir**
**Jens Ágúst Jóhannesson**
**Þorgeir Jóhannesson**
**Brynjar Jóhannesson** — **Erla Björk Sigurgeirsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**Þórður G. Sigurjónsson**

**Hrafnistu, áður Kleppsvegi 46 og Lindargötu 21,**

lést þriðjudaginn 28. febrúar. Útförin fer fram þriðjudaginn 7. mars í Áskirkju klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Lauf, félag flogaveikra, eða Sjálfsbjörg.

**Rut Rebekka Sigurjónsd.** — **Hörður Kristinsson**
**Berglind Oddgeirsdóttir** — **Guðlaugur Reynir Jóhannss.**
**Hanna G. Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

THULE SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Í dag gengur í suðaustanátt með skúrum um sunnan- og austanvert landið, þá hlýnar talsvert og nær hiti upp fyrir frostmark í flestum landshlutum. Vestan til er útlit fyrir norðanátt og á Vestfjörðum er líklegt að eitthvað snjói yfir daginn, en suðvestan til, þar með talið á höfuðborgarsvæðinu er ekki útlit fyrir mikla úrkomu, en snjórinn gæti þó bráðnað í þessu fremur hlýja lofti sem sækir að.

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | 2° |
| ↖7 | ↑2 | ↑5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 4° | -0° |
| ↖7 | ↖7 | ↑8 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -4° | 0° |
| ↙7 | ↙16 | ↘10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 3° | -1° |
| ↘7 | ↘6 | ↓9 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. nauðsyn
6. í röð
8. arinn
9. Keyra
11. drykkur
12. úræð
14. málum
16. hvað
17. siða
18. hylli
20. golf áhald
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. jurt
3. mannþyrping
4. sífellt
5. tæki
7. blandast
10. væta
13. tæra
15. korn
16. rámur
19. nesoddi

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. möst, 6. rs, 8. stó, 9. aka, 11. öl, 12. sogæð, 14. litum, 16. ha, 17. aga, 18. ást, 20. ti, 21. stál.
**LÓÐRÉTT:** 1. gras, 3. ös, 4. stöðugt, 5. tól, 7. skolast, 10. agi, 13. æta, 15. mais, 16. hás, 19. tá.

## Skák Gunnar Björnsson



Jón Kristinn Þorgeirsson (2102), Skákfélagi Akureyrar, hafði hvítt gegn alþjóðlega meistaranum Arnari Gunnarssyni (2431) á sjötta borði í viðureign TR-a og SA á Íslandsmóti skákfélaga um helgina.

**Hvítur á leik**
**23. He8! Be6** (23. - Dxc7 24. Hxf8#) **24. Hxb8!** og svartur gafst upp. Skákfélagið Huginn varð Íslandsmeistari eftir harða baráttu við Taflfélag Reykjavíkur. Aðeins munaði einum vinningi á sveitunum.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LOGAN — HANS TÍMI ER KOMINN — SÝND KL. 5.15, 8, 10.45
Stóra stökkið — SÝND KL. 6
JOHN WICK 2 — SÝND KL. 8, 10.30
SPLIT — SÝND KL. 10.30
GOLD — SÝND KL. 8
BATMAN — SÝND KL. 5.40

SAMBÍÓIN SAMbio.is
LOGAN
Stórkostleg mynd sem lætur engan ósnortinn — A DOG'S PURPOSE
Frábær teiknimynd með íslensku tali. — ROCK DOG
6 VERÐLAUN SIGURVEGARI ÓSKARSVERÐLAUNANNA — LA LA LAND
Sýnd með íslensku og ensku tali. — LEGO BATMAN MOVIE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIST FIGHT VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| GAMLINGINN 2 | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |
| XXX 3 | KL. 10:10 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LOGAN | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 10:15 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LOGAN | KL. 8 - 10:45 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 |
| FIST FIGHT | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI (NÚMERUÐ SÆTI) | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 - 10:20 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LA LA LAND | KL. 10:20 |

Góða skemmtun í bíó




Kilroy verður með kynningu á námi í Ástralíu. MYND/KILROY

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. MARS

### Uppákomur:

**Hvað?** Ofar mannlegum hvötum: Gjörningakvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata 2
Þátttakendur í gjörningakvöldi Mengis að þessu sinni eru Hrafnsunna Ross, Þóranna Dögg Björnsdóttir, Saga Unnsteinsdóttir, Elísabet Birta Sveinsdóttir, Andrea Aðalsteinsdóttir & Anton Logi Ólafsson, Ívar Glói og Sigurður Ámundason & Nikulás Stefán Nikulásson. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Makey Makey og Scratch fyrir 9-12 ára
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Annan hvern mánudag fram á vor verður boðið upp á ókeypis tækni- og tilraunaverkstæði í Gerðubergi með leiðbeinendum frá Kóder fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára. Þess á milli er hægt að koma og prófa sig áfram í alls kyns forritun og leikjum í smátölvunni Raspberry Pi, án leiðbeinanda. Að þessu sinni verður hægt að búa til örlitla leiki og teiknimyndir í Scratch, sem er einfalt forritunarmál, og læra um Makey Makey sem getur breytt alls kyns hlutum í stjórntæki fyrir tölvuna. Hægt er að nota banana, leir eða hvað sem manni dettur í hug til að tengja við tölvu með Makey Makey. Ef þátttaka er mikil gæti þurft að samnýta tölvur og skiptast á. Gott er að koma með USB-lykil svo hægt sé að taka verkefnin með sér heim. Frábært tækifæri fyrir krakka að kynnast og læra um spennandi tækni og forritun og hvað sé hægt að skapa með henni.

### Fyrirlestrar:

**Hvað?** Kynning á námi í Ástralíu
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Kilroy Iceland, Lækjartorg 5
Fulltrúar frá TAFE Queensland kemur og heldur stutta kynningu á skólanum og er svo innan handar ásamt sérfræðingi Kilroy í námi erlendis. Það er takmarkaður sætafjöldi svo vinsamlegast skráðu þig á heimasíðu KILROY til að tryggja þitt pláss.

**Hvað?** Evrópudagur talþjálfunar
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Trappa ehf.
Í tilefni Evrópudags talþjálfunar í dag er opið hús í Aðalstræti 12, 3. hæð, frá kl. 13.30 til 16.00. Talmeinafræðingar Tröppu halda stutt erindi. Í boði verður að bóka stutt viðtal við talmeinafræðing og fá ráðgjöf. Á dagskrá eru erindi um kyngingu fullorðinna, fæðuinntökuvanda barna, stam og málþroska/málörvun barna á leikskólaaldri.

**Hvað?** Fyrirlestur Max Wyss um jarðskjálftahættu og mat á henni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Askja
Max Wyss heldur fyrirlestur og mun fjalla um tvö meginatriði í mati á jarðskjálftahættu. Max Wyss hefur komið víða við í rannsóknum sínum á jarðskjálftum og jarðskjálftahættu. Hann er af svissnesku bergi brotinn en hefur starfað lengst af í Bandaríkjunum, var prófessor við University of Colorado, Boulder, og University of Alaska, Fairbanks. Síðan 2001 hefur hann veitt forstöðu World Agency of Planetary Monitoring and Earthquake Risk Reduction í Genf. Eldri Íslendingum er hann að góðu kunnur vegna þátttöku í skjálftarannsóknum á Reykjanesskaga 1971-72.


TILBOÐSVERÐ
RAFHLÖÐUBORVÉL
TC-CD 18-2 2B, 2x1,2Ah rafhlöður, 2 gírar, 30 Nm hám. hersla, 20 herslustillingar, taska, 1,7 kg
7.995kr.
74804122
Almennt verð: 9.995kr.

TILBOÐSVERÐ
FÖNDURFRÆSARI
TC-MG 135 E, 135W, stiglaus hraðastillir, 189 stk aukahluta-sett fylgir
5.995kr.
74800300
Almennt verð: 7.995kr.

TILBOÐ GILDA TIL 13.MARS
Einhell®

TILBOÐSVERÐ
BÚTSÖG
TC-MS 2513 L, 1600W, hám. sögun 130x75mm (90°x90°), láréttur snúningur, -45° - +45°, lóðréttur snúningur -45° - +0°, sagarblað 250x30mm
23.995kr.
74808265
Almennt verð: 32.995kr.

byko.is
BYKO

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Moonlight | 17:30, 20:00 |
| Toni Erdmann | 18:00 |
| Una | 18:00 |
| The Salesman | 20:00 |
| Kate Plays Christine | 22:30 |
| Paterson | 22:00 |
| Elle | 22:30 |

# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are?
**11.20** Sullivan & Son
**11.45** Mayday
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**13.50** The X-Factor UK
**15.20** The X-Factor UK
**16.10** Bold and the Beautiful
**16.35** Nágrannar
**17.00** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Grand Designs
**20.10** Um land allt Kristján Már heimsækir Múlakot í Fljótshlíð, sem á sér merkan sess í menningar- og atvinnusögu landsins. Staðurinn geymir eitt elsta djásn íslenskra sveitagarða og þar var eitt fyrsta sveitahótel landsins. Þar var athvarf frægra listamanna og í garðinum voru forðum haldin rómantísk ljósakvöld. Á seinni árum hefur Fljótshlíðin orðið eftirsótt af þéttbýlisbúum
**20.45** Suits Sjötta þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður hafði lifibrauð sitt af því að taka próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögfræðingurinn harðsvíraði, Harvey Specter, kemur auga á kosti kauða og útvegar honum í vinnu á lögfræðistofunni. Þó Ross komi úr allt annarri átt en þeir sem þar starfa nýtist hann vel í þeim málum stofan fær til sín.
**21.30** Six Hörkuspennandi þáttaröð byggð á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa uppi á Osama bin Laden. Sérsveitin fær flókin mál að leysa úr og sannar ítrekað að á ögurstundu er hún fremst í sínu fagi.
**22.20** Shameless

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Tottenham - Everton
**08.45** Sunderland - Man. City
**10.25** Skallagrímur - Þór Þ.
**12.05** Strength in Numbers - GS Warriors Champoions Movie 2014-15
**13.25** Lengjubikarinn 2017
**15.05** Tottenham - Everton
**16.45** Sunderland - Man. City
**18.25** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2016/2017
**18.50** Football League Show 2016/17
**19.20** Spænsku mörkin 2016/2017
**19.50** West Ham - Chelsea
**22.00** Messan
**23.40** Njarðvík - ÍR
**01.20** Messan

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Valur - Snæfell
**08.50** Augsburg - Leipzig
**10.30** Liverpool - Arsenal
**12.10** Leicester City - Hull City
**13.50** Man. Utd. - Bournemouth
**15.30** New York Knicks - Golden State Warriors
**17.20** Skallagrímur - Þór Þ.
**19.00** Njarðvík - ÍR
**21.10** Barcelona - Celta
**22.50** Swansea City - Burnley
**00.30** West Ham - Chelsea

### STÖÐ 3

**17.30** Raising Hope
**17.55** New Girl
**18.15** The League
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Stelpurnar
**20.05** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**20.30** Who Do You Think You Are?
**21.35** Grimm
**22.20** Game of Thrones
**23.25** Klovn
**23.55** Salem
**00.40** The Mentalist
**01.20** Grimm
**02.05** Curb Your Enthusiasm
**02.35** Stelpurnar
**03.00** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**03.25** Who Do You Think You Are?
**04.25** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Grettir
**08.11** Zigby
**08.25** Blíða og Blær
**08.47** Mæja býfluga
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Grettir
**12.11** Zigby
**12.25** Blíða og Blær
**12.47** Mæja býfluga
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Grettir
**16.11** Zigby
**16.25** Blíða og Blær
**16.47** Mæja býfluga
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Lukku-Láki



**10.24**
**14.24**
**18.24**
Svampur Sveinsson

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** WGC. Mexico Championship
**14.00** WGC. Mexico Championship
**20.00** PGA Highlights 2017
**20.55** Golfing World 2017
**21.45** PGA Special. Gary Player. Picture This
**22.40** PGA Highlights 2017

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon
**12.55** One Chance
**14.40** Frost/Nixon
**16.40** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon
**18.15** One Chance
**20.00** Frost/Nixon Verðlaunamynd sem segir frá sönnum atburðum árið 1977, en hinn ungi og metnaðarfulli sjónvarpsmaður David Frost fékk tækifæri lífs síns þegar sjálfur Richard Nixon, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna samþykkti að veita Frost viðtal, þar sem hann myndi tala um umdeild ár sín í forsetaembætti. Í myndinni er skyggnst bak við tjöldin og sýnt í fyrsta sinn hvað gerðist þegar ekki var kveikt á myndavélunum. Með aðalhlutverk fara Frank Langella, Michael Sheen, Kevin Bacon og fleiri stórleikarar.
**22.00** Burnt
**23.40** Idiocracy
**01.05** Wrong Turn 6. Last Resort
**02.35** Burnt

### RÚV

**15.30** Menningin 2017
**16.00** Kiljan
**16.40** Silfrið
**17.40** Söngvakeppnin - Lögin í úrslitum
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.14** Róbert bangsi
**18.24** Skógargengið
**18.35** Undraveröld Gúnda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Á spjalli við dýrin
**21.10** Nóbel
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Söngvakeppnin - Lögin í úrslitum
**22.30** Stúdíó A
**23.00** Scott og Bailey
**23.45** Kastljós
**00.10** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Three Rivers
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** Rachel Allen. All Things Sweet
**14.40** Chasing Life
**15.25** Black-ish
**15.50** Jane the Virgin
**16.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Good Place
**20.15** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** 24. Legacy
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Californication

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |





Vandaðir þættir þar sem Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið. Kristján Már heimsækir Múlakot í Fljótshlíð sem á sér merkan sess í menningar- og atvinnusögu landsins. Staðurinn geymir eitt elsta djásn íslenskra sveitagarða og þar var eitt fyrsta sveitahótel landsins.

MAGNAÐ
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

GRAND DESIGNS
Vönduð sería þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum fólks í Bretlandi. Þar fer ríkt hugmyndaflug og góður smekkur saman og útkoman yfirleitt mikið augnayndi.



SUITS
Við höldum áfram að fylgjast með klækjarefunum Mike Ross og Harvey Specter í þessum vinsælu og stórgóðu þáttum.




SIX
Hörkuspennandi þættir, byggðir á raunverulegum atburðum, og fjalla þeir um hóp sérsveitarmanna sem freista þess að handsama leiðtoga innan raða talibana í Afganistan.
Sönn saga



SHAMELESS
Skemmtileg þáttasería um þessa skrautlegu og stórskemmtilegu fjölskyldu sem er ekki eins og fólk er flest og ekki alveg til fyrirmyndar.
Lokaþáttur



HEIMILI HBO
VICE
Glæný sería af þessum fersku og vönduðu fréttaþáttum frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



BÍÓ
BURNT
Matreiðslumaðurinn Adam Jones var kokkur á tveggja Michelin stjörnu veitingastað en á sama tíma var hann með skelfilega ósiði sem komu honum í koll.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365
ENDALAUS
GSM
365
365.is
Sími 1817
Hvaða leið hentar þér?
LEIÐ 1
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
0 GB gagnamagn
790kr.
LEIÐ 2
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
1 GB gagnamagn
1.680kr.
LEIÐ 3
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
5 GB gagnamagn
2.680kr.
LEIÐ 4
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
30 GB gagnamagn*
3.490kr.
365.is | Sími 1817
365
*Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evróski Draumurinn og Ameríski Draumurinn.
30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB.

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



**Nicole Kidman** klæðist gjarnan föl-litum kjólum þessa dagana. Þessi tiltekni kjóll kemur frá Armani Privé.



**Þessi** Prada-kjóll sem Kidman klæddist í lok janúar væri alveg gjaldgengur sem brúðarkjóll.



**Þessum** fagra kjól klæddist Kidman í byrjun febrúar en silfur er greinilega í uppáhaldi hjá henni þessa dagana.



**Altuzarra**-kjóllinn sem Kidman klæddist á frumsýningu þáttanna Big Little Lies stal senunni. NORDICPHOTOS/AFP

# Tískudrottningin Kidman

Leikkonan **Nicole Kidman** hlaut verðlaun sem besta alþjóðlega leikkonan á laugardaginn á Golden Camera hátíðinni í Hamburg. Kidman var heldur betur glæsileg á hátíðinni og leit út eins og álfaprinsessa í síðum ljósum kjól með blómamynstri. Kidman hefur verið að færa sig upp á skaftið í tískunni þessu ári og hefur tekið marga áhættuna í klæðaburði á fætur annarri það sem af er árs eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



**Stuttur** ljós kjóll varð fyrir valinu hjá Nicole Kidman í fyrirpartii The Weinstein Company fyrir Óskarinn.



**Kidman** var sérlega flott á Golden Camera hátíðinni um helgina.



**Kjóllinn** sem Kidman klæddist á Screen Actors Guild hátíðinni í lok febrúar var umdeildur en hann kemur frá Gucci.


THE GREATEST LOVE OF ALL
ELDBORG
14. OG 15. MARS
KL 20.00
AUKASÝNING
15. MARS
THE
Belinda Davids er
WHITNEY
HOUSTON
SHOW
Öll frægustu og bestu lög hennar í ótrúlegri hljómleikasýningu
HLJÓMSVEIT-RADDIR-DANSARAR
Miðasala á harpa.is-tix.is og í síma 528 50 50




CHIRO UNIVERSE




Aukahlutur
á mynd: Gafl.

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 59.900 KR. | 5.571 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 69.900 KR. | 6.434 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.900 KR. | 7.296 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 94.900 KR. | 8.590 KR. |

* Miðað vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

- Fimm svæðaskipt poka-gormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

DÚNSÆNG + DÚNKODDI

Dúnsæng og dúnkoddi. 100% bómull í áklæði. Sæng: 60% moskusdúnn, 40% smáfiður og fáðu vandaðan dúnkodda með.



FERMINGARTILBOÐ

23.900 KR.

FULLT VERÐ

~~29.800 KR.~~

ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK






**Blær gekk í gegnum langt undirbúningsferli fyrir Hjartastein og öll vinnan bar svo sannarlega árangur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fannst geggjað að fá tilnefningu

**Blær Hinriksson** hlaut Edduverðlaun sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir hlutverk sitt í Hjartasteini. Verðlaunin hafa mikla þýðingu fyrir hann, einkum í ljósi þess að hann er rétt að byrja feril sinn í leiklist.

Þegar ég heyrði að ég hafði verið tilnefndur til Edduverðlauna þá hugsaði ég með mér að það væri alveg geggjað að fá tilnefningu. Svo var Baldur líka tilnefndur , sem gerir þetta enn þá betra,“ segir Blær Hinriksson sem hlaut Edduverðlaun fyrir hlutverk sitt í Hjartasteini, en mótleikari hans í myndinni, Baldur Einarsson, var líka tilnefndur. „Áður en hátíðin hófst þá var mér nánast sama hver myndi vinna, ég vonaði auðvitað að það yrði ég eða Baldur, en mér fannst það samt ekki skipta máli,“ segir Blær, sem var himinlifandi með tilnefninguna. Hann segir verðlaunin sjálf hafa verið algjöran bónus. „Þessi verðlaun komu mér svolítið á óvart vegna þess að ég er svo ungur, ég er bara 15 ára.“

En þrátt fyrir ungan aldur hefur Blær lent í ýmsu, hann var til að mynda nærri drukknaður í sundlaug sem barn og svo lenti hann fyrir bíl þegar hann var nýstiginn úr strætisvagni. Þetta er reynsla sem hjálpaði honum að kalla fram tilfinningar í hlutverki sínu í Hjartasteini. „Þegar maður var að fara í erfiðar senur þá gat maður hugsað til baka til þess sem maður hefur í reynslubankanum. Ég hugsaði líka mikið til baka til afa míns sem er dáinn. Ég sakna hans, hann var svo skemmtilegur og góður maður. Ég og bróðir minn vorum bestu vinir hans. Þannig að þegar ég var að fara í erfiðar senur þá hugsaði ég um hann og skoðaði myndir af honum,“ útskýrir Blær sem kallaði fram tár með því að minnast afa síns.




**Baldur og Blær voru valdir bestu leikararnir á kvikmyndahátíðinni Marrakech í Marokkó í desember fyrir hlutverk sín í Hjartasteini.** NORDICPHOTOS/AFP

Spurður út í hvernig áhuginn á leiklist hafi kviknað kveðst Blær vera alinn upp í leiklistarfjölskyldu og snemma var hann byrjaður að gera eftirhermur og fara á leiklistarnámskeið. Spurður nánar út í eftirhermuna segist hann taka Guðna Ágústsson vel. „Fyrst var pabbi minn alltaf að grínast í Guðna, þeir þekkjast eitthvað smá. Mér fannst þetta svo skemmtilegt og fór líka að grínast með að herma eftir honum. Og einhvern tímann, þegar ég var lítill krakki, þá vorum við á hestamannamóti og sáum Guðna. Þá sagði pabbi við mig: „Ef þú ferð upp að honum og hermir eftir honum þá gef ég þér ís á eftir,“ og ég gerði það. Ég labbaði upp að honum, heilsaði og byrjaði að herma eftir honum,“ rifjar Blær upp hlæjandi og segir Guðna hafa skellihlegið og tekið vel í þetta. „En aðallega kemur áhuginn frá fjölskyldunni. Pabbi er leikari, bróðir hans er söngvari og leikari, bróðir minn er leikari og svo framvegis. Þetta er allt í kringum mig.“

> **ÉG ER BARA Í 10. BEKK ÞANNIG AÐ ÉG HEF NÆGAN TÍMA.**

Þegar Blær er svo spurður út í framtíðarplön segir hann tímann verða að leiða það í ljós. „Mig langar auðvitað mikið í leiklist en svo er ég líka á fullu í handbolta,“ segir Blær sem tók sér tveggja mánaða frí frá handboltanum og skólanum á meðan á tökunum stóð. Eins hefur hann þurft að taka sér frí frá námi og tómstundum til að ferðast til útlanda á kvikmyndahátíðir til að kynna myndina.

En var ekkert vandamál að taka frí frá skóla? „Nei, kennararnir eru svo góðir og skilja að þetta er ævintýri fyrir mig. Þeir skilja að það er lærdómsríkt að ferðast og kynnast nýjum menningarheimum. En ég vinn auðvitað öll skólaverkefni og læri það sem samnemendur mínir eru að gera. Ég þarf bara stundum að vinna það upp eftir á en ég fæ hjálp frá kennurum,“ segir Blær.

Blær er ekkert að stressa sig á framtíðinni. „Vonandi fær maður svo bara einhver fleiri tilboð í leiklistinni. Þetta kemur allt í ljós, ég er bara í 10. bekk þannig að ég hef nægan tíma eins og er til að taka ákvörðun um hvort ég vilji einbeita mér sérstaklega að handboltanum, leiklistinni eða einhverju öðru.“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Tilboðsvika í Hafinu

## 6.-10. mars

★ Austurlensk langa
**1.890 kr.**

★ Ýsuréttir í sósum
**1.790 kr.**



★ Keila á gríska vegu
**1.890 kr.**

**Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð**



KOKKA LANDS LIÐIÐ

HAFIÐ ER STOLTUR SAMSTARFSAÐILI ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐSINS

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á facebook

HAFIÐ
FISKVERSLUN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Helgu Völu Helgadóttur




## ... og hún vill leggja RÚV niður

Enn einu sinni fáum við fregnir af frjálshyggjuhegrum sem umfram allt vilja leggja Ríkisútvarpið niður. Segja fráleitt að ríkið sé að standa í slíkum rekstri því aðrir geti vel sinnt því.

En af hverju er það þá ekki gert? Hvers vegna er engin útvarpsstöð á Íslandi á pari við það sem gert er á Rás 1 og 2? Hvernig stendur á því að ekki ein einasta útvarpsstöð sinnir öðru en dægurmálum og íþróttum? Spilar lög af geisladiskum og opnar fyrir símann? Umfjöllun um fréttir vikunnar er á stöku stað en engin rýni. Engin umfjöllun heldur bara kallað í þá sem eiga auðvelt með að tjá sig, og kveikt á míkrafónum. Malið sent út á öldur ljósvakans.

„Samkeppnisaðilarnir“, sem frjálshyggjufólk vill meina að geti vel sinnt því starfi sem unnið er í Efstaleiti, fjalla ekkert um sögulega hluti. Fjalla ekki ítarlega um hljómsveitir eða tónverk. Flytja ekki útvarpsleikrit, útvarpssögur eða flakka um borg og bæi með sagnfræðingi sem tjáir sig um sögu húsa og gatna. Það er vegna þess að það kostar tíma og fyrirhöfn sem þessar stöðvar hafa bara ekkert ráð á. Hinar stöðvarnar sinna sínu hlutverki sem afþreyingarstöðvar vel, enda ekki annars krafist af þeim. En þær eru bara í öðru.

Það er þannig tómt mál að tala um samkeppnisrekstur. Það sinnir enginn annar menningar- og fræðsluhlutverki Ríkisútvarpsins. Það er líklega þess vegna sem 70% landsmanna treysta Ríkisútvarpinu á meðan næsti fjölmiðill fyrir neðan er með 40% traust og aðrir enn neðar.

Ekki skemma það sem vel er gert. Það er nóg samt.








